

# Landslag á Íslandi

FLOKKUN OG KORTLAGNING LANDSLAGSGERÐA Á LANDSVÍSU

17.11.2020



## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

<b>SKJALALYKILL</b>	<b>TITILL SKÝRSLU</b>
5830-005-SKY-001-V04	Landslag á Íslandi Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu
<b>SKÝRSLUNÚMÉR / Síðufjöldi</b>	<b>VERKHEITI</b>
04/97	Kortlagning landslagsgerða á Íslandi
<b>VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUÐA</b>	<b>VERKKAUÐI</b>
Hrafnhildur Bragadóttir	Skipulagsstofnun
<b>VERKEFNISSTJÓRI EFLA</b>	<b>HÖFUNDUR</b>
Ólafur Árnason/Gréta Hlín Sveinsdóttir	Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley
<b>LYKILORÐ</b>	<b>ÚTDRÁTTUR</b>
Landslag, landslagsflokkun, landslagsgerðir, landslagsheildir, kortlagning	Í skýrslunni er greint frá flokkunarkerfi fyrir landslagsgerðir á Íslandi, kortlagningu og lýsing helstu landslagssvæða á landsvísu. Verkefnið er unnið af EFLU í samstarfi við Land Use Consultants í Skotlandi.
<b>STAÐA SKÝRSLU</b>	
<input type="checkbox"/> Drög	
<input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar	
<input checked="" type="checkbox"/> Lokið	
<b>DREIFING</b>	
<input checked="" type="checkbox"/> Opin	
<input type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa	
<input type="checkbox"/> Trúnaðarmál	

## ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley	15.05.20	Sigurjón Páll Ísaksson	18.05.20	Ólafur Árnason / Gréta Hlín Sveinsdóttir	20.05.20
02	Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley  Yfirferð eftir breytingar	23.06.20	Ólafur Árnason	23.06.20	Ólafur Árnason / Gréta Hlín Sveinsdóttir	23.06.20
03	Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley	01.07.20	Karl Benediktsson	13.08.20	Gréta Hlín Sveinsdóttir	28.09.20
04	Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley  Rýni lokaeintaks	28.09.20	Ólafur Árnason	11.11.20	Gréta Hlín Sveinsdóttir	11.11.20

## SAMANTEKT

Í skýrslu þessari er tekin saman vinna sem unnin var af starfsmönnum EFLU og Land Use Consultants í Skotlandi. Í skýrslunni er greint frá flokkunarkerfi fyrir landslagsgerðir á Íslandi, kortlagningu og lýsing helstu landslagssvæða á landsvísu.

Skilgreindar voru 27 landslagsgerðir undir 7 yfirflokkum landslags. Yfirflokkarnir eru: Jöklar; Fjalllendi; Hásléttur; Virk/ung eldfjallasvæði; Undirlendi og inndalir; Firðir og fjarðarheiðar; og Strandsvæði.

Hver landslagsgerð er skilgreind út frá meginþáttum landslags. Við skilgreininguna er horft til landforms og landhæðar, yfirborðs lands, landnýtingar og sjónrænna eiginleika.

Íslandi var skipt niður í landslagssvæði byggt á flokkunarkerfinu. Við þá skiptingu var stuðst við stafrænar landupplýsingar, verkefnið Íslenskt landslag: Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni [1], og doktorsverkefni Hubertus Preusser frá árinu 1976 [2]. Afmörkuð voru 117 svæði. Svæðin eru misstór eftir fjölbreytileika landslags. Áhersla skal lögð á að afmörkun svæða er gróf. Af þeim sökum falla t.d. minni jöklar undir ýmsar aðrar landslagsgerðir en jökla, auk þess sem ekki eru allar eyjar afmarkaðar.

Tilgangur þessarar kortlagningar er að leggja til grunnupplýsingar um landslag á landsvísu sem líta ber til við skipulagsgerð og nánari framtíðarkortlagningu landslagsheilda. Verkefnið er unnið samhliða gerð viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um landslag, loftslag og lýðheilsu og er jafnframt liður í að uppfylla ákvæði Evrópska Landslagssamningsins.



## EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	5
MYNDASKRÁ	8
TÖFLUSKRÁ	8
HUGTAKALISTI	9
INNGANGUR	11
Landslag og landslagsgreining	11
Tengsl við landsskipulagsstefnu og evrópska landslagssamninginn	11
Samantekt á aðferðafræði	11
Hvernig nýtast upplýsingar um landslagsgerðir á Íslandi?	12
FLOKKUNARKERFI	13
1 JÖKLAR	14
1.1 Hájöklar	15
1.2 Skriðjöklar og aðliggjandi fjöll	17
2 FJALLENDI	19
2.1 Hálandishryggir	20
2.2 Fjallendi með inndölum	22
2.3 Litríkt fjallendi	24
3 HÁSLÉTTUR	26
3.1 Hálandisauðnir	27
3.2 Sandar við há fjöll og jökla	29
3.3 Gróðurlitlar hásléttur	31
3.4 Háheiðar	33
4 VIRK/UNG ELDFJALLASVÆÐI	35
4.1 Litrík háhitasvæði	36
4.2 Ungt fjallendi með nútímahraunum	38
4.3 Ung gróin hraun	41
4.4 Ung hraun á láglandi	43
5 UNDIRLENDI OG INNDALIR	45
5.1 Gróið undirlendi	46
5.2 Láglandisheiðar	48
5.3 Inndalir	50
6 FIRÐIR OG FJARÐARHEIÐAR	52
6.1 Þröngir jökulsorfnir firðir, fjallendi og inndalir	53
6.2 Opnir jökulsorfnir firðir	55
6.3 Breiðir firðir milli hárra fjalla	57
6.4 Innfirðir með lágheiðum	59
6.5 Fjarðarhásléttur	61
7 STRANDSVÆÐI	63
7.1 Graslendar sléttur við strendur	64
7.2 Lágheiðar við strendur	66
7.3 Byggð strandlengja með inndölum	68
7.4 Þéttbýlissvæði	70
7.5 Jökulsandar	72
7.6 Eyjar, drangar og sker	74

## MYNDASKRÁ

<b>MYND 1</b> Landslag er samsett úr mörgum þáttum sem tengjast náttúru, menningu, skynjun og fagurfræði. Mynd þýdd og staðfærð úr: Christine Tudor, 2014. An Approach to Landscape Character Assessment. Natural England [4].	11
<b>MYND 2</b> Yfirflokkar og landslagsgerðir.	13
<b>MYND 3</b> Jöklar.	14
<b>MYND 4 a</b> Eyjafjallajökull. Ljós. Örn Óskarsson. <b>b</b> Hvannadalshnjúkur. <b>c</b> Sprungið yfirborð jökuls. <b>d</b> Þuríðartindur og Mikill í Vatnajökli. <b>e</b> Ónefnd jökulbreiða. Heimild EFLA verkfræðistofa.	15
<b>MYND 5</b> Landslagsgerð 1.1, Hájökla.	16
<b>MYND 6 a</b> Kvíárjökull. <b>b</b> Svínafellsjökull. Ljós. Örn Óskarsson. <b>c</b> Jökulsporður. <b>d</b> Jökullón. Heimild EFLA verkfræðistofa.	17
<b>MYND 7</b> Landslagsgerð 1.2, Skriðjökla og aðliggjandi fjöll.	18
<b>MYND 8</b> Fjallendi.	19
<b>MYND 9 a</b> Vesturöræfi, Snæfell. <b>b</b> Kverkfjöll í fjarska. Ljós. Örn Óskarsson.	20
<b>MYND 10</b> Landslagsgerð 2.1, Hálendishryggir.	21
<b>MYND 11 a</b> Fljót, Tröllaskaga. <b>b</b> Héðinsfjörður. <b>c</b> Lágheiði, Tröllaskaga. Ljós. Örn Óskarsson. <b>d</b> Horft af Hellisheiðarvegi inn Böðvarsdal, Smjörfjöll í baksýn. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.	22
<b>MYND 12</b> Landslagsgerð 2.2, Fjallendi með inndölum.	23
<b>MYND 13 a</b> Borgarfjörður Eystri. <b>b</b> Borgarfjörður Eystri. <b>c</b> Stóruð og Dyrfjöll. <b>d</b> Svartfell. Ljós. Gréta Hlín Sveinsdóttir. <b>e</b> Lónsöræfi. Ljós. Örn Óskarsson.	24
<b>MYND 14</b> Landslagsgerð 2.3, Litríkt fjallendi.	25
<b>MYND 15</b> Hásléttur.	26
<b>MYND 16 a</b> Kjölur. Ljós. Örn Óskarsson. <b>b</b> Við Hreysiskvísl á Holtamannafrétti. <b>c</b> Hreysiskvísl á Holtamannafrétti. Ljós. Ingibjörg Sveinsdóttir.	27
<b>MYND 17</b> Landslagsgerð 3.1, Hálendisauðnir.	28
<b>MYND 18 a</b> Kaldidalur. <b>b</b> Kjölur Hvítárvatn í fjarska. <b>c</b> Kaldidalur og Prestahnjúkur. Ljós. Örn Óskarsson.	29
<b>MYND 19</b> Landslagsgerð 3.2, Sandar við há fjöll og jökla.	30
<b>MYND 20 a</b> Möðrudalsöræfi. Ljós. Örn Óskarsson. <b>b</b> Hafíð, ofan Búrfells í Þjórsárdal. Heimild EFLA verkfræðistofa.	31
<b>MYND 21</b> Landslagsgerð 3.3, Gróðurlitlar hásléttur.	32
<b>MYND 22 a</b> Þjórsárver. <b>b</b> Þjórsárver. Heimild EFLA verkfræðistofa. <b>c</b> Fljótsdalsheiði. Ljós. Örn Óskarsson. <b>d</b> Víðidalstunguheiði, Víðidalstunguheiði í baksýn. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.	33
<b>MYND 23</b> Landslagsgerð 3.4, Háheiðar.	34
<b>MYND 24</b> Virk/ung eldfjallasvæði.	35
<b>MYND 25 a</b> Torfajökulssvæðið. <b>b</b> Landmannalaugar. <b>c</b> Kerlingarfjöll. <b>d</b> Kröfluvirkjun. Ljós. Örn Óskarsson.	36
<b>MYND 26</b> Landslagsgerð 4.1, Litrík háhitasvæði.	37
<b>MYND 27 a</b> Tungnaá, Veiðivötn. <b>b</b> Þóristindur. <b>c</b> Hekla. <b>d</b> Eldgjá. <b>e</b> Þórsmörk. Ljós. Örn Óskarsson.	38
<b>MYND 28</b> Landslagsgerð 4.2, Ungt fjallendi með nútímahraunum.	40
<b>MYND 29 a</b> Grímsnes. <b>b</b> Sogið. <b>c</b> Kerið, Grímsnesi. <b>d</b> Þingvellir. <b>e</b> Mývatn. Ljós. Örn Óskarsson. <b>f</b> Gervigigar við Mývatn. Heimild EFLA verkfræðistofa.	41
<b>MYND 30</b> Landslagsgerð 4.3, Ung gróin hraun.	42
<b>MYND 31 a</b> Eldhraun í Skaftárhreppi. <b>b</b> Svínahraun. <b>c</b> Bláa Lónið, Reykjanesi. Ljós. Örn Óskarsson.	43
<b>MYND 32</b> Landslagsgerð 4.4, Ung hraun á láglandi.	44
<b>MYND 33</b> Undirlendi og inndalir.	45
<b>MYND 34 a</b> Uppsveitir Árnessýslu. <b>b</b> Gullfoss. <b>c</b> Stóra Laxá og Hreppafjöll. <b>d</b> Strokur í Haukadal. Ljós. Örn Óskarsson.	46

<b>MYND 35</b> Landslagsgerð 5.1, Gróið undirlendi.	47
<b>MYND 36 a</b> Mosfellsheiði, Vífilsfell í baksýn. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson. <b>b</b> Hólmatungur, Jökulsárgljúfur. Ljós. Örn Óskarsson.	48
<b>MYND 37</b> Landslagsgerð 5.2, Láglandisheiðar.	49
<b>MYND 38 a</b> Norðurárdalur. <b>b</b> Skorradalur. <b>c</b> Hallormsstaðaskógur, Fljótsdal. Ljós. Örn Óskarsson. <b>d</b> Fljótsdalur e Þverárhlið í inndölum Borgarfjarðar. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson. <b>f</b> Eyjafjarðarsveit. Ljós. Örn Óskarsson.	50
<b>MYND 39</b> Landslagsgerð 5.3, Inndalir.	51
<b>MYND 40</b> Firðir og fjarðarheiðar.	52
<b>MYND 41 a</b> Norðfjörður á Ströndum. <b>b</b> Álftafjörður í Ísafjarðardjúpi. <b>c</b> Arnarfjörður. <b>d</b> Berufjörður. Ljós. Örn Óskarsson.	53
<b>MYND 42</b> Landslagsgerð 6.1, Þröngir jökulsorfnir firðir, fjallendi og inndalir.	54
<b>MYND 43 a</b> Akureyri, Eyjafjörður. <b>b</b> Núpasveit við Öxarfjörð.	55
<b>MYND 44</b> Landslagsgerð 6.2, Opnir jökulsorfnir firðir.	56
<b>MYND 45 a</b> Botnsdalur, Hvalfirði. Ljós. Örn Óskarsson. <b>b</b> Hvalfjarðarsveit. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.	57
<b>MYND 46</b> Landslagsgerð 6.3, Breiðir firðir milli hárra fjalla.	58
<b>MYND 47 a</b> Gauksmýri í Húnaþingi vestra. Ljós. Örn Óskarsson. <b>b</b> Langidalur, innst í Ísafjarðardjúpi. <b>c</b> Ísafjörður, innst í Ísafjarðardjúpi. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.	59
<b>MYND 48</b> Landslagsgerð 6.4, Innfirðir með lágheiðum.	60
<b>MYND 49 a</b> Öxi, Snæfell í bakgrunni. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson. <b>b</b> Dynjandisheiði. <b>c</b> Dynjandisheiði, séð yfir Arnarfjörð. Ljós. Örn Óskarsson.	61
<b>MYND 50</b> Landslagsgerð 6.5, Fjarðarhásléttur.	62
<b>MYND 51</b> Strandsvæði.	63
<b>MYND 52 a</b> Ölfusá og undirlendi Suðurlands. <b>b</b> Undirlendi Suðurlands. <b>c</b> Undirlendi Eyjafjalla, Eyjafjallajökull í bakgrunni. <b>d</b> Flóinn við ósa Ölfusár. Ljós. Örn Óskarsson.	64
<b>MYND 53</b> Landslagsgerð 7.1, Graslendar sléttur við strendur.	65
<b>MYND 54 a</b> Þistilfjörður. <b>b</b> Skálar, Langanesi. Ljós. Örn Óskarsson. <b>c</b> Hólaheiði. <b>d</b> Hólaheiði. Ljós. Árni Sveinn Sigurðsson.	66
<b>MYND 55</b> Landslagsgerð 7.2, Lágheiðar við strendur.	67
<b>MYND 56 a</b> Grundarfjörður. <b>b</b> Hvalnesskriður. Ljós. Örn Óskarsson. <b>c</b> Hof í Álftafirði. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.	68
<b>MYND 57</b> Landslagsgerð 7.3, Byggð strandlengja með inndölum.	69
<b>MYND 58 a</b> Reykjavík, séð frá Öskjuhlíð. Ljós. Örn Óskarsson. <b>b</b> Reykjavík, Skerjafjörður og Reykjavíkflugvöllur í forgrunni. <b>c</b> Reykjavík, Borgartún. <b>d</b> Miðborg Reykjavíkur. <b>e</b> Urriðaholt í Garðabæ, Urriðakortsvatn í forgrunni. <b>f</b> Reykjavík, Miklabraut og Háaleiti. Heimild EFLA verkfræðistofa.	70
<b>MYND 59</b> Landslagsgerð 7.4, Þéttbýlissvæði.	71
<b>MYND 60 a</b> Dyrhólafljara. <b>b</b> Mýrdalssandur. <b>c</b> Sólheimasandur. <b>d</b> Skeiðarársandur. Ljós. Örn Óskarsson.	72
<b>MYND 61</b> Landslagsgerð 7.5, Jökulsandar.	73
<b>MYND 62 a</b> Eyjarnar á Breiðafirði. Ljós. Örn Óskarsson. <b>b</b> Dímonarklakkar á Breiðafirði. <b>c</b> Rifgirðingar á Breiðafirði. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.	74
<b>MYND 63</b> Landslagsgerð 7.6, Eyjar, drangar og sker.	75

## TÖFLUSKRÁ

<b>TAFLA 1</b> Yfirflokkar og landslagsgerðir.	13
<b>TAFLA 2</b> Yfirlit yfir gögn um landupplýsingar, uppruni gagna og upplausn/mælikvarði.	79



## HUGTAKALISTI

HUGTAK	ENSKT HEITI	SKILGREINING
Landslagsgerð	(e. landscape character type)	Ákveðin gerð landslags sem telst einsleit hvað varðar einkenni og eiginleika. Landslagsgerðir hafa í meginatriðum sambærilega samsetningu þátta er varða jarðfræði, landform, vatnafar, gróðurfar, landnotkun og búsetu, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
Landslagssvæði	(e. landscape character area)	Einstök, landfræðilega afmörkuð svæði sem falla undir sérstaka landslagsgerð. Hvert svæði hefur sína eiginleika og einkenni, en deilir þó sömu almennu einkennum og eiginleikum með öðrum svæðum af sömu gerð.
Landslagsþáttur	(e. landscape element)	Einstakir þættir sem mynda landslagið, t.d. tré og kjarr.
Landslagseinkenni	(e. landscape character)	Greinanlegt, auðþekkjanlegt og endurtekið mynstur landslagsþátta sem aðgreinir eina landslagsgerð frá annarri.



## INNGANGUR

Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðum vinnu sem unnin var af starfsmönnum EFLU verkfræðistofu og Land Use Consultants í Skotlandi. Verkefnið fólst í að greina og kortleggja megin *landslagsgerðir* á Íslandi og er verkefnið unnið samkvæmt aðferðafræði *flokkunar og kortlagningar á einkennum landslags* (e. Landscape Character Assessment, LCA), eða landslagsgreiningar.


Tilgangur þessarar kortlagningar er að leggja til grunnupplýsingar um landslag á landsvísu sem líta ber til við skipulagsgerð og nánari framtíðar kortlagningu landslagsheilda. Verkefnið er unnið samhliða gerð viðauka við Landskipulagsstefnu 2015–2026 um landslag, loftslag og lýðheilsu og er jafnframt liður í að uppfylla ákvæði Evrópska landslagssamningsins.

### Landslag og landslagsgreining

Evrópski landslagssamningurinn hefur skilgreint landslag sem „*Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samþils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta*“ [3, 1].

Sérhvert landslag er í eðli sínu einstakt. Landslagsgreiningu má lýsa sem ferli sem felst í því að bera kennsl á og lýsa breytileika landslags og afmarka og lýsa þeim svæðum sem hafa sameiginleg einkenni. Með landslagsgreiningu fæst því hlutlægur samanburður á því hvaða svæði eru á einhvern hátt lík og geta talist til sömu landslagsgerðar. Flokkun og kortlagningu landslags er ætlað að veita yfirlit yfir eiginleika og fjölbreytileika landslags ásamt því að skapa vettvang fyrir umræðu og stefnumótun. Landslagsgreining veitir jafnframt yfirsýn yfir þá auðlind sem landslag er.

*Landslagseinkenni (Landscape Character)* má skilgreina sem greinilegt og auðþekktanlegt mynstur þeirra þátta sem mynda landslagið, sem koma stöðugt fram í ákveðinni landslagsgerð og gerir hana frábrugðna annarri. Einkennin endurspeglar því sérstaka samsetningu af jarðfræði, gróðurfari, landnotkun og búsetu en eru jafnframt tengd skynjun fólks og upplifun. Þessir þættir skapa staðareinkenni eða staðaranda mismunandi gerða landslags. Mynd 1 sýnir tengsl þeirra þátta sem í sameiningu mynda landslag.



**MYND 1** Landslag er samsett úr mörgum þáttum sem tengjast náttúru, menningu, skynjun og fagurfræði. Mynd þýdd og staðfærð úr: Christine Tudor, 2014. An Approach to Landscape Character Assessment. Natural England [4].

*Flokkun og kortlagning á einkennum landslags* felst í því að auðkenna þessi svæði með greiningu á eiginleikum þess. Landið er flokkað, kortlagt og svæðum með svipuð einkenni er lýst.

### Tengsl við landsskipulagsstefnu og evrópska landslagssamninginn

Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015–2026 var samþykkt á Alþingi í mars 2016. Með henni er í fyrsta sinn sett fram samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísu til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um landnotkun og byggðaþróun. Mörkuð er stefna um fjögur viðfangsefni, þ.e. um skipulagsmál á miðhálandinu, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Í stefnunni eru sett fram fjölmörg markmið sem lúta að landslagi. Staðinn skal vörður um landslag miðhálandisins og sérkennum og náttúrugæðum þess viðhaldið með áherslu á verndun landslagsheilda. Byggð og mannvirki vegna orkuvinnslu, orkuflutnings og fjarskipta skulu falla að landslagi og náttúru og einnig skal meiriháttar mannvirkjagerð beint að stöðum sem rýra ekki viðerni eða landslagsheildir hálandisins. Jafnframt er það sett sem markmið að landslagsgreining verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Þetta verkefni er liður í því síðastnefnda, að afla gagna um landslag í gegnum greiningu þess og kortlagningu.

Verkefnið er unnið samhliða gerð viðauka við landsskipulagsstefnu um landslag, loftslag og lýðheilsu sem umhverfis- og auðlindaráðherra fól Skipulagsstofnun að vinna í júlí árið 2018.

Í viðaukanum skal mótuð nánari stefna um þessi þrjú málefni í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og er lögð áhersla á að sett verði fram stefna og leiðbeiningar um skipulagsgerð með tilliti til landslags og að fjallað verði jöfnum höndum um landslag í þéttbýli, dreifbýli og óbyggðum. Að auki er lögð áhersla á að fjallað verði um skipulag með tilliti til landslagsverndar hvað varðar ákvarðanir um landnotkun og breytingu á landnotkun í dreifbýli.

Slík kortlagning er jafnframt liður í að uppfylla ákvæði Evrópska landslagssamningsins sem Ísland hefur staðfest og er aðili að. Þau ákvæði eru sett fram undir þremur megin efnisflokkum:

- Meðvitund og þekking: Að auka almenna meðvitund um gildi/verðmæti landslags og að auka þekkingu á landslagsmati, landslagsstefnu, landslagsvernd, landslagsstjórnun og skipulagi m.t.t. landslags.
- Greining og mat: Greining á sérkennum landslags og þeim þáttum sem hafa áhrif á það, ásamt því að greina breytingar á landslagi og meta verðmæti þess.
- Stefnumótun og framfylgd: Markmiðasetning og stefnumótun um gæði landslags og framfylgd af hálfu stjórnvalda.

### Samantekt á aðferðafræði

Aðferðin byggir á leiðbeiningum um landslagsgreiningu, sem sett er fram af Natural England í ritinu ‘An Approach to Landscape Character Assessment’ [4] og er vísað til þess rits um ítarlegri lýsingu á aðferðafræðinni.

Meginþættir vinnunnar fólust í:

- Söfnun á grunnupplýsingum um landslag: Útgefnum landupplýsingum sem greiningin skal byggja á. Þeim er lýst í næsta kafla um flokkunarkerfi.

- Skilgreining á landslagsgerðum: Byggt er á aðferðafræði og flokkum sem þróaðir hafa verið í Bretlandi. Vinna við skilgreiningu landslagsgerða er ítrunarferli sem var yfirstandandi í gegnum alla vinnuna.
- Afmörkun og kortlagning landslagsgerða. Áhersla var lögð á að flokkunin færi fram í litlum mælikvarða sem gæfi grófa yfirsýn á landsvísu.
- Lýsing á hverri landslagsgerð.

Vinnan byggir á fyrirbyggjandi gögnum og var ekki farið í vettvangsvinnu við þessa kortlagningu. Er hér um fyrstu greiningu að ræða og var framsetning gagna sett fram með það í huga að hægt sé að byggja upp ítarlegri landslagsprófil fyrir hverja landslagsgerð og hvert einstaka svæði í framtíðinni. Er þar horft til reynslu af vinnu við kortlagningu landslagsgerða á Bretlandseyjum þar sem upplýsingar um landslagsgerðir hafa verið greindar nánar og kortlagningin endurútgefin eftir því sem ítarlegri upplýsingar liggja fyrir.

### Hvernig nýtast upplýsingar um landslagsgerðir á Íslandi?

Þessi greining nær til landsins alls og gefur yfirsýn yfir helstu landslagsgerðir á landsvísu. Grunn gögn um landslagsgerðir á landsvísu nýtast við ákvarðanatöku í tengslum við gerð landsskipulagsstefnu og fyrir aðra stefnumótun og skipulag, t.d. þegar kemur að forgangsröðun svæða og mat á verndargildi landslags.

Lagt er til að í framhaldsvinnu við kortlagningu landslagsgerða og söfnun upplýsinga um hvert landslagssvæði sé farið í nánari greiningu á hver sé framtíðarsýn um þróun innan svæðanna, hvaða ferlar séu að verki innan hvers svæðis, bæði náttúrulegir og af völdum mannsins, sem séu einkennandi fyrir svæðið eða líklegir til að breyta eðli þess, hvaða megineinkennum landslags sé vert að viðhalda innan hvers svæðis og hvaða stefnu ætti að setja um vernd eða viðhald landslagseinkenna innan hvers svæðis.

## FLOKKUNARKERFI

Skilgreindar voru 27 landslagsgerðir undir 7 yfirflokkum landslags. Yfirflokkarnir eru: Jöklar; Fjalllendi; Hásléttur; Virk/ung eldfjallasvæði; Undirlendi og inndalir; Firðir og fjarðarheiðar; og Strandsvæði. Tafla 1 gefur yfirlit yfir yfirflokkana og landslagsgerðirnar.

Hver landslagsgerð er skilgreind út frá meginþáttum landslags og við þá skiptingu er horft til landforms og landhæðar, yfirborðs lands, s.s. hrjúfleika, gróðurfars og litbrigða, landnýtingar, byggðar og sjónrænna eiginleika.

Íslandi var skipt niður í landslagssvæði byggt á flokkunarkerfinu. Við þá skiptingu var stuðst við stafrænar landupplýsingar, þ.e. kort sem sýna, landhæð, landhalla, vistgerðir, jarðfræði, rof, vatnafar og mannvirki (viðauki 1), verkefnið Íslenskt landslag: Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni [1], og doktorsverkefni Hubertus Preusser frá árinu 1976 [2]. Afmörkuð voru 117 svæði. Svæðin eru misstór eftir fjölbreytileika landslags á hverjum stað. Í einhverjum tilfellum liggja svæði af sömu landslagsgerð hvort að öðru en er skipt upp vegna breytileika í samsetningu landslags milli svæða. Áhersla skal lögð á að afmörkun svæða er gróf. Af þeim sökum falla t.d. minni jöklar undir ýmsar aðrar landslagsgerðir en yfirflokkinn Jökla, auk þess sem ekki allar eyjar eru afmarkaðar. Mynd 1 sýnir afmörkun landslagssvæða og landslagsgerð hvers svæðis.

Í eftirfarandi köflum er fjallað um hvern yfirflokk fyrir sig, þær landslagsgerðir sem undir þá falla og landslagssvæðin sem tilheyra hverri landslagsgerð. Umfjöllun er þannig háttáð að fyrir hvern yfirflokk er gefin almenn lýsing auk yfirlits yfir viðeigandi landslagsgerðir. Fyrir hverja landslagsgerð er síðan gefin lýsing á ríkjandi landformi og landhæð, yfirborði lands, landnýtingu og sjónrænum eiginleikum landslags. Hverju landslagssvæði fyrir sig er að lokum lýst á sambærilegan hátt, auk þess sem tilgreindir eru einkennandi þættir hvers svæðis. Í lýsingum er stuðst við landfræðileg gögn fyrir landhæð [5], vistgerðir [6], jarðfræði [7], rof [8], vatnafar [9] og mannvirki [10], upplýsingavefi [11, 12, 13, 14, 15], og sambærileg erlend verkefni [16, 17, 18].

TAFLA 1 Yfirflokkar og landslagsgerðir.

<b>1. Jöklar</b>
1.1 Hájöklar
1.2 Skriðjökla og aðliggjandi fjöll
<b>2 Fjalllendi</b>
2.1 Hálandishryggir
2.2 Fjalllendi með inndölum
2.3 Litríkt fjalllendi
<b>3. Hásléttur</b>
3.1. Hálandisauðnir
3.2 Sandar við há fjöll og jökla
3.3 Gróðurlitlar hásléttur
3.4 Háheiðar
<b>4. Virk/ung eldfjallasvæði</b>
4.1 Litrík háhitasvæði
4.2 Ungt fjalllendi með nútímahraunum
4.3 Ung gróin hraun
4.4 Ung hraun á láglandi
<b>5. Undirlendi og inndalir</b>
5.1 Gróið undirlendi
5.2 Láglandisheiðar

### 5.3 Inndalir

### 6. Firðir og fjarðarheiðar

6.1 Þröngir jökulsorfnir firðir, fjalllendi og inndalir

6.2 Opnir jökulsorfnir firðir

6.3 Breiðir firðir milli hárra fjalla

6.4 Innfirðir með lágheiðum

6.5 Fjarðarhásléttur

### 7. Strandsvæði

7.1 Graslandar sléttur við strendur


7.2 Lágheiðar við strendur

7.3 Byggð strandlengja með inndölum

7.4 Þéttbýlissvæði

7.5 Jökulsandar

7.6 Eyjar, drangar og sker



MYND 2 Yfirflokkar og landslagsgerðir.



1.  
Jöklar


## 1 JÖKLAR

Samfelldar ísbreiður jökla þekja stór landsvæði. Út úr meginjöklum ganga skriðjöklar niður á láglendi. Þeir ryðja á undan sér aur og grjóti og skilja stundum eftir sig djúp jökullón og jökulgarða þegar þeir hropa. Aðliggjandi fjöll skapa miklar andstæður í landslagi. Landnýting felst í útivist og ferðamennsku.

Landslagsgerðir sem falla undir yfirflokkinn *Jöklar* eru:

### 1.1 Hájöklar

### 1.2 Skriðjöklar og aðliggjandi fjöll



MYND 3 Jöklar.

## 1.1 Hájökklar

Samfelldar og víðáttumiklar ísbreiður í yfir 1.000 metra hæð. Dældir og sprungur gera jökla varasama yfirferðar en þeir eru engu að síður vinsælir til útivistar. Víða eru eldstöðvar undir jöklum sem gosið hafa á sögulegum tíma. Með hlýnandi loftslagi má gera ráð fyrir að jökklar rýrni. Sex stærstu jökklar landsins eru af þeirri stærðargráðu að flokkast sem sérstök landslagsheild á landsvísu. Aðrir jökklar landsins mynda mikilvægan hluta af öðrum landslagsgerðum.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Víðáttumiklar, flatar eða öldóttar ísbreiður.
- Djúpar dældir og sprungur geta brotið upp annars einsleit, ávöl landform.
- Víða eru virkar eldstöðvar undir jöklum.
- Hálendi í yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Að mestu sléttur jökull en getur verið sprunginn vegna hreyfinga á ís eða vegna mishæða undir jökli.
- Litbrigði eru lítil, land að mestu hvítt eða hvítleitt. Grátt á einstaka svæðum vegna sets eða áfoks/öskufalls.

#### Landnýting:

- Einstaka fjallaskáli.
- Land nýtt til jöklaferða á vélknúnum ökutækjum eða til útivistar.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Víðsýnt til allra átta og sjónlengdir langar.
- Frá jökulbrúnum eða hærri svæðum er útsýni yfir láglendi neðan jökla.
- Lítil sjónræn fjölbreytni, einsleitni í litbrigðum og landformum.



MYND 4 a Eyjafjallajökull. Ljós. Örn Óskarsson. b Hvannadalshnjúkur. c Sprungið yfirborð jökuls. d Þuríðartindur og Mikill í Vatnajökli. e Ónefnd jökulbreiða. Heimild EFLA verkfræðistofa.



## Svæði

**1.1.1 Langjökull:** Annar stærsti jökull landsins, um 950 km<sup>2</sup> að stærð. Hann rís hæst um 1.300 til 1.400 m yfir sjávarmáli. Tvær megineldstöðvar eru undir jöklinum. Jökullinn er nýttur til útivistar og er útsýni af honum gott. Fjöldi skriðjökla gengur út úr meginjöklinum.


**1.1.2 Drangajökull:** Fimmti stærsti og jafnframt nyrsti jökull landsins, 200 km<sup>2</sup> að stærð. Jökullinn er sá eini sem er undir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Hann er nýttur til útivistar.

**1.1.3 Vatnajökull:** Stærsti jökull landsins, 7.900 km<sup>2</sup> að stærð, og þriðji stærsti jökull Evrópu. Hann rís um 1.400 til 2.000 m yfir sjávarmál. Fjöldi skriðjökla gengur út úr meginjöklinum. Jökullinn hylur sex megineldstöðvar. Þær virkustu eru Bárðarbunga, Grímsvötn, Kverkfjöll og Öraefajökull. Allar hafa þær gosið á sögulegum tíma. Í Öraefajökli er hæsta fjall landsins, Hvannadalshnjúkur 2.110 m yfir sjávarmáli. Jökullinn er vinsæll meðal útivistarfólks.

**1.1.4 Mýrdalsjökull:** Fjórði stærsti jökull landsins, 590 km<sup>2</sup> að stærð. Hann rís hæst um 1.500 m yfir sjávarmál. Í jöklinum er eldfjallið Katla sem gosið hefur reglulega frá landnámi. Jökullinn er nýttur til útivistar og er útsýni af honum gott. Nokkrir skriðjökla ganga út úr meginjöklinum.

**1.1.5 Eyjafjallajökull:** Sjötti stærsti jökull landsins, um 80 km<sup>2</sup> að stærð. Hann rís hæst rúma 1.600 m yfir sjávarmál. Undir jöklinum er eldkeila þar sem verið hafa nokkur minni gos frá landnámi. Jökullinn er brattur og sprunginn en engu að síður nýttur til útivistar.

**1.1.6 Hofsjökull:** Þriðji stærsti jökull landsins, um 925 km<sup>2</sup> að stærð. Hann rís hæst um 1.700 til 1.800 m yfir sjávarmál. Fjöldi skriðjökla gengur út úr meginjöklinum og undir jöklinum er eldstöð. Jökullinn er lítið nýttur til útivistar.



MYND 5 Landslagsgerð 1.1, Hájöklar.

- Í bakgrunni er meginjökull, jökulsandar eða opið haf, eftir því í hvaða átt er horft.
- Sjónrænn fjölbreytileiki hvað varðar landform og yfirborð.

## 1.2 Skriðjöklar og aðliggjandi fjöll

Mörk láglandis og fjallendis þar sem hlutar meginjökuls skriða fram á milli brattrar fjallshryggja og móta landið. Jökullón eru við marga jökulsporða. Mikil fjölbreytni er í landslagi. Skriðjöklar eru á stöðugri hreyfingu, og geta einnig hlaupið fram, en á síðari árum hafa þeir hörfað vegna hlýnandi loftslags. Því er landslag þessara svæða breytilegt. Skriðjöklar finnast víða og við alla helstu jökla landsins. Við kortlagningu landslagsgerða á landsvísu eru skriðjöklar við sunnanverðan Vatnajökul af þeirri stærðargráðu að flokkast sem sérstök landslagsgerð á landsvísu. Aðrir skriðjöklar eru mikilvægur hluti annarra landslagsgerða.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Mörk meginjökuls og láglandis.
- Ná frá láglandi til hálandis, frá 100 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli.
- Jökultungur ganga út úr meginjökli og skriða fram á milli fjallatinda niður á láglandi.
- Breytileiki í landformum og landhæð þar sem skiptast á flatir skriðjökla, grófgerð og oft brött jökulrönd, brattir fjallgarðar og fjallstindar.
- Skriðjökla eru á stöðugri hreyfingu og móta á leið sinni landslagið. Þeir geta bæði hlaupið fram og hörfað eftir aðstæðum í loftslagi og því er landslag þessara svæða breytilegt.

#### Yfirborð lands:

- Mikill fjölbreytileiki er í yfirborði lands þar sem skiptast á ísbreiður skriðjökla, ógrónar og skriðular fjallshlíðar og graslendi og birkiskógar með láglandisjaðri skriðjökla.
- Áferð skriðjökla og fjallgarða er gróf, brotin mynstur og skörp skil á milli gráleits og hvíts skriðjökuls, brúnleitra fjallgarða og jökulgarða og græns litar á gróðri.
- Dökkt set safnast á jökulinn þegar hann skriður niður fjallshlíðar og er oft í afgerandi línulegu mynstri.
- Jökullón eru oft við jökulsporða.
- Gróðurvinjar, bæði graslendi og birkiskógar, eru í lægðum við jökulsporða, jökulgarða og á fjallshryggjum.

#### Landnýting:

- Stöku bæir á grónu láglandi milli skriðjökla, landbúnaðarland.
- Talsvert nýtt til ýmiss konar útivistar og ferðamennsku.

#### Sjónrænar eiginleikar:


- Sé horft af láglandi í átt að skriðjökum eru sjónlengdir stuttar vegna hæðar jöklanna og fjallanna í kring. Sé horft frá skriðjökum/fjöllum yfir láglandið eru sjónlengdir langar og víðsýni mikil.



MYND 6 a Kvíárjökull. b Svínafellsjökull. Ljós. Örn Óskarsson. c Jökulsporður. d Jökullón. Heimild EFLA verkfræðistofa.

## Svæði

**1.2.1 Skriðjökla í sunnanverðum Vatnajökli:** Skriðjökla í sunnanverðum Vatnajökli auk fjallshryggja á milli þeirra. Innan svæðis eru Skeiðarárjökull, Breiðamerkurjökull, Skaftafellsjökull, Svínafellsjökull, Skálafellsjökull, Fláafjökull og Hoffellsjökull. Auk þess er jökuljaðar, skóglendi Skaftafells og byggð í Örfæfasveit innan svæðisins. Yfirborð skriðjökla er sprungið og oft með dökku seti sem safnast á jökulinn þegar hann skríður niður fjallshlíðar og myndar línuleg mynstur. Milli skriðjökla eru brattir fjallshryggir með ógrónum skriðulum hlíðum. Á láglendi eru bæði ógrónir aurar, mólendi, graslendi og birkiskógur, auk þess sem lúpína hefur dreift úr sér á stóru svæði við Skaftafell. Við jökulsporða eru víða jökullón. Stöku bæir eru á láglendi í Örfæfasveit og um svæðið liggur þjóðvegur. Svæðið er talsvert nýtt til ýmiss konar útivistar og innan þess eru vinsælir áningarstaðir ferðamanna. Á 14. öld fór stór hluti byggðar í eyði þegar gaus í Örfæfajökli.



**MYND 7** Landslagsgerð 1.2, Skriðjökla og aðliggjandi fjöll.



2.  
Fjallendi

## 2 FJALLENDI


Stórgerð landform og hrjóstrugt yfirborð einkennir landslag fjallendis. Land rís hátt en inn á milli brattr fjalla liggja dalir. Sökum hæðar, landhalla, yfirborðs og rofafla er gróðurþekja oft lítil eða engin innan þessa flokks landslagsgerða. Byggð takmarkast við láglendi og inndali, og landnýting við útivist og ferðamennsku.

Landslagsgerðir sem falla undir yfirflokkinn *Fjallendi* eru:

2.1 Hálandishryggir

2.2 Fjallendi með inndölum

2.3 Litríkt fjallendi



MYND 8 Fjallendi.

## 2.1 Hálandishryggir

Fjallend hálandissvæði með móbergshryggjum, lítt grónum grýttum melum og árseti í lægðum. Nánast engin ummerki eru um gosvirkni eftir ísöld. Byggð er engin, utan einstaka fjallaskála, en hálandisvegir liggja um svæðið.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Keðja fjallendis og fjallshryggja með einstaka tindóttum fjöllum.
- Jöklar eru í fjallstoppum.
- Móberg er ríkjandi en basalt er að finna á einstaka svæðum.
- Lítil sem engin ummerki um gosvirkni eftir ísöld.
- Ávalar línur einkennandi.
- Hálandi í um 300 til 1.100 m hæð yfir sjávarmáli. Einstaka fjöll rísa hærra.

#### Yfirborð lands:

- Lítt grónir, grýttir melar og árset í lægðum.
- Stakar plöntur og umtalsvert rof.
- Litbrigði eru lítil þar sem dökkgráir eða brúngráir tónar eru ríkjandi og litbrigði lands því fremur einsleit.
- Ummerki um gosvirkni eftir ísöld eru nánast ekki til staðar.
- Stöku hálandisvötn og óreglulegt net áa og lækja.

#### Landnýting:

- Stöku fjallaskálar.
- Hálandisvegir.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Víðsýnt en fjöll og fjallshryggir draga úr sjónlengdum.
- Útsýni af fjöllum er víðast hvar gott og sjónlengdir langar.
- Sjónræn fjölbreytni í landformum en einsleitni í litbrigðum.




MYND 9 a Vesturöræfi, Snæfell. b Kverkfjöll í fjarska. Ljós. Örn Óskarsson.

## Svæði

**2.1.1 Fjallshryggir norðan Vatnajökuls:** Fjallendi með samsíða hryggjum sem ná frá norðanverðum Vatnajökli niður að láglandi, við norðausturströnd landsins. Þessir hryggir eru m.a. Þríhyrningsfjallgarður, Öskjufjallgarður, Möðrudalsfjallgarður, Þjóðfell, Haugsníbba, Heljardalsfjöll og Súlnafjallgarður. Landhæð er mjög breytileg, frá um 300 til 1.000 m hæð yfir sjó. Móberg er ríkjandi bergtegund en ummerki um gosvirkni eftir ísöld eru nánast engin. Rof er mikið og yfirborð er lítt eða ógróið með grýttum melum. Fínni sandefni eru í lægðum og einstaka grónir blettir með mosa- og mólendi. Stöku vötn eru innan svæðis og óreglulegt net áa og lækja. Byggð er engin utan stöku fjallaskálar. Hálendisvegir liggja um svæðið.

**2.1.2 Snæfell, Þrándarjökull og Hofsjökull:** Fjöll og smájökklar norðaustan Vatnajökuls. Innan svæðis er Snæfell, Þrándarjökull og Hofsjökull. Land er í um 600 til 1.200 m hæð yfir sjávarmáli. Snæfell rís þó hærra, 1.833 m yfir sjávarmáli, og er það hæsta fjall utan jökla á Íslandi. Rof er talsvert á svæðinu og yfirborð er lítt eða ógróið með grýttum melum. Einstaka grónir blettir með mó- og votlendi. Fjöldi minni vatna er í lægðum. Engin byggð er innan svæðis, aðeins einstaka hálendisvegur og fjallaskálar.



MYND 10 Landslagsgerð 2.1, Hálendishryggir.

## 2.2 Fjallendi með inndölum

Há fjöll og fjallgarðar nærri sjó með djúpum, grónum inndölum. Fjallshlíðar eru víða brattar og skriðular. Landslag einkennist af rofi og landmótun ísaldarjökulsins. Í hæstu fjallstindum eru smájöklar (skálarjöklar). Byggð er lítil utan stöku bæja í inndölum.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Samfelldir, háir og oft tindóttir fjallabálkar/fjallaklasar.
- Stöku smájöklar í hæstu fjöllum.
- Djúpir vatns- eða jökulsorfnir dalir sem ganga inn á milli fjalla frá láglendi.
- Skarpar, stundum grófar línur fjalla en mýkri línur dala.
- Endurtekin form.
- Mikill breytileiki í hæð.
- Land nær frá sjávarmáli upp í 1.300 m.

#### Yfirborð lands:

- Mikið rof í fjallendi en inndalir grónir.
- Gróft, ógróið, grábrúnleitt fjallendi með snjó/ís í toppum.
- Ógrónar, brattar og skriðular hlíðar.
- Ár og lækir renna eftir dalbotnum og hafa sums staðar grafið gil.

#### Landnýting:

- Lítil byggð, stöku bæir í inndölum.
- Vegir inn eftir dölum og fjallvegir yfir skörð.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Stuttar sjónlengdir vegna fjallendis. Lengri sjónlengdir sé horft inn eða út eftir dölum og ofan af fjöllum.
- Einsleit landform.



MYND 11 a Fljót, Tröllaskaga. b Héðinsfjörður. c Lágheiði, Tröllaskaga. Ljós. Örn Óskarsson. d Horft af Hellsheiðarvegi inn Böðvarsdal, Smjörfjöll í baksýn. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.



**2.2.1 Fjallendi á milli Borgarfjarðar og Dala:** Fjallendi austur af Snæfellsnesi, suður og austur af Hvammsfirði. Fjallshryggir og stök fjöll ganga frá láglandi upp um 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Afliðandi fjallshlíðar. Grasi- eða mosagrónir dalir og fjallshlíðar. Ár og lækir í dalbotnum eða giljum, litlir fossar og nokkur stærri vötn í lægðum. Byggð er engin en vegur liggur yfir fjallendið.

**2.2.2 Vatnsnesfjall:** Fjallendi Vatnsnes, á milli Miðfjarðar og Húnafjarðar, í um 200 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Hæst er yfirborð ógróið, þurrt og grýtt, fjallshlíðar brattar og skriðular en neðan þeirra er yfirborð gróið og fremur votlent. Brattar fjallshlíðar eru skriðular, grýttar og lítt grónar. Mosavaxnir melar eru ofar. Minni ár og lækir renna niður í dalbotna. Stöku bæir eru í inndölum. Engir vegir liggja um fjallendi.

**2.2.3 Víðidalsfjall:** Fjallshryggir ofan láglandis Húnaflóa, í um 300 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Brattar fjallshlíðar eru skriðular, grýttar og lítt grónar. Efst eru mosavaxnir melar. Minni ár og lækir renna niður skörð. Byggð er engin og engir vegir liggja um fjallendið.

**2.2.4 Vatnsdalsfjall og Svínadalsfjall:** Fjallshryggir ofan láglandis Húnaflóa, í um 200 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Þröngir dalir ganga inn á milli hryggja. Yfirborð dala er gróið og fremur votlent. Brattar fjallshlíðar eru skriðular, grýttar og lítt grónar. Efst er moslendi og mólendi. Minni ár og lækir renna í dalbotnum. Byggð er engin en vegslóði liggur um dal á milli hryggja.

**2.2.5 Fjallgarðurinn á Skaga:** Fjallgarður við norðurströnd landsins, milli Húnaflóa og Skagafjarðar. Fjöll ganga frá skaganum miðjum upp í um 1.200 m hæð við norðurjaðar miðhálandisins. Nokkuð víðir og grónir dalir þvera fjallendið og teygja sig í átt að miðhálandinu. Fremur votlent yfirborð þar sem landhalli er lítill, grýttar skriður í fjallshlíðum. Strjál byggð og landbúnaður í jöðrum svæðis.


**2.2.6 Tröllaskagi:** Háir og brattir fjallgarðar milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Fjöll ná frá sjó upp í um 1.500 m hæð yfir sjávarmáli. Djúpir vatns- og jökulsornir dalir skera fjallendið. Fjölmarga smájökla er að finna í fjöllum og dölum. Undirlendi dala er töluvert. Yfirborð er aðallega mosagrónir eða ógrónir melar, stórgrýttar ógrónar skriður í bröttum hlíðum og grasigrónir dalir. Byggð er nokkur í dölum og undirlendi nýtt til landbúnaðar.

**2.2.7 Fjallgarðurinn á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda:** Fjallgarður á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. Fjöll ná frá sjó upp í tæplega 1.200 m hæð. Hærri og brattari fjöll nær sjó en lægri fjöll þegar kemur fjær sjó. Djúpir og fremur breiðir dalir liggja samsíða hryggjum og teygja sig í átt að miðhálandinu. Undirlendi dala er töluvert. Yfirborð fjalla eru aðallega lítt eða ógrónir melar, og skriður eru stórgrýttar. Dalir eru vel grónir, graslendi, móar og skóglendi. Byggð er nokkur í dölum, minni þéttbýlisstaðir í fjörðum og undirlendi nýtt til landbúnaðar.

**2.2.8 Tjörnes og Lambafjöll:** Hálandur skagi vestan Öxarfjarðar. Land nær frá sjó upp í um 750 m hæð yfir sjávarmáli. Þverhnipt björg við sjóinn. Þaðan hækkar land afliðandi en syðst á nesinu tekur við fjallendi sem teygir sig inn í landið. Nokkrir minni dalir ganga inn í fjallendið. Yfirborð er að mestu mólendi eða hálfgrónir melar. Byggð er engin innan svæðis en vegur liggur meðfram ströndinni og vegslóðir á hærri hluta svæðisins.

**2.2.9 Smjörfjöll og Fagradalsfjöll, austur fyrir Sandfell:** Hár og brattur fjallgarður sen gengur inn í landið á milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa. Fjöll ná frá sjó upp í um 1.250 m hæð. Fönn og smájökla í fjallstoppum. Fjöldi minni dala sker fjallendið og nokkrir stærri dalir ganga lengra inn í landið.

Undirlendi er takmarkað. Yfirborð er aðallega lítt eða ógrónir melar, stórgrýttar skriður í bröttum hlíðum og gras eða mosi á láglandu hallalitlu yfirborði. Ár og lækir renna í giljum eða eftir grónum dalbotnum. Byggð er nánast engin, fáeinir bæir. Hár fjallvegur þverar fjallgarðinn.



MYND 12 Landslagsgerð 2.2, Fjallendi með inndölum.

### 2.3 Litríkt fjalllendi

Fjallendi með dölum og sundurskornum giljum. Mikil fjölbreytni er í landformum og litbrigðum. Byggð er lítil nema helst á láglandi þar sem land nær að sjó. Vinsæl göngusvæði.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Háir og brattir fjallgarðar með dölum og sundurskornum giljum á milli.
- Mikil fjölbreytni í landformum.
- Líparít og annað ísúrt berg
- Leifar fornra megineldstöðva, utan virka gosbeltisins.
- Land í um 0 til 1.200 m hæð yfir sjávarmáli.

##### Yfirborð lands:


- Brattar skriðular hlíðar, klettur efst.
- Fjölbreytni í litbrigðum jarðefna og víða ljósir litir.
- Mó- og moslendi eða graslendi í dölum, gróður nær víða upp í fjallshlíðar.
- Ár/lækir í dölum og fossar í giljum.

##### Landnýting:

- Byggð lítil eða takmörkuð við láglandi/sjó.
- Stöku vegir/vegslóðir.
- Nýtt til útivistar, s.s. göngu.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Stuttar sjónlengdir af láglandi en lengri sé horft ofan af fjöllum.
- Mikil sjónræn fjölbreytni.




MYND 13 a Borgarfjörður Eystri. b Borgarfjörður Eystri. c Stóruð og Dyrfjöll. d. Svartfell. Ljós. Gréta Hlín Sveinsdóttir. e Lónsöræfi. Ljós. Örn Óskarsson.

## Svæði

**2.3.1 Austfirðir, norðan Loðmundarfjarðar:** Fjalllendi, firðir og inndalir við austurströnd landsins. Land nær frá sjó upp í um 1.100 m hæð yfir sjávarmáli. Fjöll eru há, brött og oft sérkennilega formuð. Víða ljósir litir í fjöllum, t.d. líparít og flikrubergr. Milli fjalla liggja firðir og dalir með gras- og mólendi. Minni byggðakjarni er innan fjarðar en þess utan er byggð er lítil og dreifð í fjörðum og dölum. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði, aðallega til göngu.

**2.3.2 Lónsöræfi:** Fjalllendi og inndalir við rætur Vatnajökuls á sunnanverðum Austfjörðum. Land nær frá um 200 til 1.200 m hæð yfir sjávarmáli. Milli fjalla eru dalir, gljúfur og gil. Litríkar jarðmyndanir áberandi með ljósum, gulleitum og grænum litum. Í dölum og lægðum er mó- og moslendi, auk þess sem víða er birkikjarr. Jökulár renna í dölum, giljum og gljúfrum. Byggð er engin á svæðinu utan fjallaskála en er svæðið vinsælt göngusvæði.



MYND 14 Landslagsgerð 2.3, Litríkt fjallendi.



### 3. Hásléttur

### 3 HÁSLÉTTUR

Fremur flöt og víðfeðm landsvæði, hátt yfir sjávarmáli. Þó lítt grónir, þurrir og grýttir melar eða sandauðnir þeki yfirborð á stórum svæðum eru inn á milli þeirra votlendar gróðurvinjar og heiðalönd með fágætum vistgerðum. Land er að mestu óbyggt, aðeins einstaka fjallaskálar og fjallvegir.


Landslagsgerðir sem falla undir yfirflokkinn *Hásléttur* eru:

**3.1 Hálandisauðnir**

**3.2 Sandar við há fjöll og jökla**

**3.3 Gróðurlitlar hásléttur**

**3.4 Háheiðar**



**MYND 15** Hásléttur.

### 3.1 Hálandisauðnir

Samfelldar gráleitar sandauðnir á miðhálandinu. Einsleitar, örfoka óbyggðir.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Samfelldar, einsleitar sléttur eða endurtekin öldótt landform.
- Beinar eða ávalar línur einkennandi.
- Lítil breytileiki í hæð.
- Hálandi í 500 til 1.100 m hæð yfir sjávarmáli.

##### Yfirborð lands:

- Gráleitar sandauðnir og melar.
- Grýttur jökulruðningur þekur stór svæði en finni sandur og möl meðfram árfarvegum.
- Sums staðar mikið rof þar sem finni laus sandur þyrlast auðveldlega upp.
- Sandorpin hraun.
- Afmarkaðar litlar gróðurvinjar, t.d. í lægðum þar sem eru vötn eða ár og lækir.

##### Landnýting:

- Byggð er engin, stöku hálandisvegir og fjallaskálar.
- Eitthvað nýtt til útivistar og veiða.
- Afréttur nýttur til beitar.

##### Sjónrænir eiginleikar:


- Víðast hvar langar sjónlengdir og mikil víðsýni.
- Í bakgrunni sjást hærri fjöll eða jöklar.



MYND 16 a Kjölur. Ljós. Örn Óskarsson. b Við Hreysiskvísl á Holtamannafrétti. c Hreysiskvísl á Holtamannafrétti. Ljós. Ingibjörg Sveinsdóttir.

## Svæði

**3.1.1 Miðhálandið:** Víðáttumikil og samfelld sandauðn fyrir miðju hálandi landsins í um 500 til 1.100 m hæð yfir sjávarmáli. Landform eru fremur flöt eða öldótt og yfirborð þess að mestu sendnir eða grýttir melar. Gróður er lítill sem enginn og rof hefur verið mikið. Afmarkaðar gróðurvinjar má þó finna í skjólsælum lögðum þar sem eru vötn, ár og lækir. Byggð er engin innan svæðisins, aðeins stöku fjallaskálar. Um svæðið liggja nokkrir hálendisvegir.



**MYND 17** Landslagsgerð 3.1, Hálendisauðnir.

### 3.2 Sandar við há fjöll og jökla

Ógrónir sandar á hálendi eða inn til landsins sem liggja að rótum fjalla eða jökla. Um sandana renna jökulár. Ávalar hæðir og einstaka fjöll ganga upp úr sandinum auk þess sem hraun hafa runnið innan svæðanna. Rof er víða mikið. Óbyggð svæði.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Flatar flóðasléttur neðan hárra fjalla eða jökla.
- Fjölbreytni í landformum og hæð.
- Upp úr sléttunum standa ávalar hæðir og stök fjöll.
- Flóðasléttur í um 200 til 1.000 metra hæð yfir sjávarmáli. Einstaka fjöll og jöklar rísa hærra.

##### Yfirborð lands:

- Ógrónar flóðasléttur með dökkum fínnum sandi þar sem vatnsrof er mikið.
- Grýttari svæði og hraun inn á milli.
- Grónari hæðir eða lág fjöll ganga upp úr sléttunum.
- Jökulár og lækir. Smærri vötn í lægðum.

##### Landnýting:

- Óbyggðir, einstaka fjallaskálar og hálendisvegir.
- Vinsæl til göngu/útvistar.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Nokkuð mikil víðsýni og langar sjónlengdir.
- Sjóndeildarhringur einkennist af ávölum hæðum, fjöllum og jöklum.
- Gott útsýni ofan af hæðum og fjöllum.




MYND 18 a Kaldidalur. b Kjölur Hvítárvatn í fjarska. c Kaldidalur og Prestahnjúkur. Ljósmynd. Örn Óskarsson.



## Svæði

**3.2.1 Hálandi kringum Langjökul og Þórisjökul:** Melar, sandlendi, hraun og fjöll við rætur jöklanna. Land er í um 300 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli en stök fjöll ná þó hærra, allt að 1.200 m hæð. Yfirborð er að mestu ógrónir melar eða hraun og rof er mikið. Austan Langjökuls er Hvítárvatn en úr vatninu rennur Hvítá. Auk þess eru nokkur minni vötn innan svæðisins og jökulár sem renna undan jöklunum. Byggð er engin innan svæðisins, aðeins nokkrir fjallaskálar og hálendisvegir.

**3.2.2 Jökulaurar Skaftár:** Áraurar við rætur Skaftárjökuls og Síðujökuls og skriðjökla sem ganga út úr suðvestanverðum Vatnajökli. Land er í um 500 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Landform eru fremur flöt með lítt grónum áraurum og melum. Rof er mikið. Jökulár renna undan jöklunum. Byggð er engin innan svæðisins.



MYND 19 Landslagsgerð 3.2, Sandar við há fjöll og jökla.

### 3.3 Gróðurlitlar hásléttur

Hálfgrónir, grýttir og þurrir melar. Eitthvað er um smærri vötn, fjallshryggi og stök lág fjöll. Landhæð er breytileg en alltaf yfir 200 m yfir sjávarmáli. Byggð er lítil, helst fjallaskálar og virkjanamannvirki.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Ávalar hæðir, hryggir eða stök fjöll.
- Lægðir eða dalir milli hæða og hryggja.
- Gróf landform.
- Nokkur breytileiki í hæð.
- Hálendi í um 200 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli.

##### Yfirborð lands:

- Grýttir melar eða sandmelar.
- Rof getur verið mjög mikið.
- Jörð ýmist þurr eða með smærri vötnum, ám og lækjum.

##### Landnýting:

- Mjög lítil byggð og þá aðallega lægra í landi.
- Vegir, hálendisvegir og stöku fjallaskálar.
- Virkjanir, miðlunarlón og sums staðar háspennulínur.
- Beitarland.
- Talsvert nýtt til útivistar.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Í lægðum er víðsýni lítil og sjónlengdir stuttar vegna hæðótts landforms.
- Af hærri hæðum er útsýni gott.
- Fjölbreytni í formum og útlínum lands í bakgrunni.



MYND 20 a Möðrudalsöræfi. Ljós. Örn Óskarsson. b Hafið, ofan Búrfells í Þjórsárdal. Heimild EFLA verkfræðistofa.

## Svæði

**3.3.1 Hólasandur:** Öldóttir, uppblásnir melar norður af Mývatni, í um 300 til 400 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er þakið sandi auk stórgrýtis. Unnið hefur verið að landgræðslu á svæðinu þar sem lúpínu, birki og víði hefur verið sáð á afgirtu, beitarfriðuðu landi. Byggð er engin en um sandinn liggja vegir.


**3.3.2 Jökulsá á Fjöllum, Grímsstaðir:** Háland, flatlend og sendin auðn með stökum fjöllum. Svæðið er á Norðausturlandi, austan Mývatns. Land er í um 300 til 500 m hæð yfir sjávarmáli og telst hluti af miðhálandi Íslands. Jökulsorfin basalt jarðlög eru að mestu þakin fínnum sandefnum. Vindrof er mikið. Mosa- eða lyngi vaxin mólendi er að finna á stöku stað. Einstaka bæir eru innan svæðis.

**3.3.3 Möðrudalsöræfi:** Háland, flatlend, sendin auðn með stökum fjöllum. Svæðið er austan Jökulsár á Fjöllum. Land er í um 400 til 700 m hæð yfir sjávarmáli og telst hluti af miðhálandi Íslands. Jökulsorfin basalt jarðlög eru að mestu þakin fínnum sandefnum. Vindrof er mjög mikið. Einstaka bæir eru innan svæðis.

**3.3.4 Fjallendi og heiðarland ofan Langaness og Langanesstrandar:** Heiðarland ofan Langaness og Langanesstrandar í 300 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Jökulsorfnar klappir og ásar einkenna landform. Nokkur stök fjöll standa hærra og rís Syðri-Hágangur þar hæst, rúma 950 m yfir sjávarmál. Samfelldir, ógrónir og grýttir melar þekja yfirborð en í lægðum er votlendi. Fjöldi smærri vatna auk áa eru innan svæðis. Byggð er engin.

**3.3.5 Bjarnasker, Lómagnúpur, Djúpá:** Hæðótt heiði og fjallendi með hryggjum. Svæðið er suðvestan Vatnajökuls, norðan Skeiðarársands. Töluverður breytileiki í hæð, frá um 200 m til 1.000 m yfir sjávarmáli. Sandur eða vikur þekur stærstan hluta yfirborðs en lítt gróna mosavaxna mela er að finna í lægðum. Innan svæðis eru auk þess ógróin eða mosavaxin nútímahraun. Ár og lækir renna í dölum. Byggð er engin.

**3.3.6 Afréttir suðvestan Kerlingarfjalla:** Hæðótt heiðaland með mjóum samsíða basalhryggjum og stökum fjöllum. Svæðið er suðvestan Kerlingarfjalla, á milli Hvítár og Þjorsár og teygir sig í átt að undirlendi Suðurlands. Land er í 200 til 900 m hæð yfir sjávarmáli og hækkar til norðurs. Yfirborð er helst ógrónir eða lítt grónir melar, en mosa- eða votlendisgróður er í lægðum þar sem eru ár, lækir og smærri vötn. Byggð er lítil, aðeins stöku bæir syðst á svæðinu auk eyðibýla og einstaka fjallaskála. Háspennulínur liggja um svæðið. Svæðið er nýtt sem beitiland fyrir sauðfé á sumrin og til útivistar.



MYND 21 Landslagsgerð 3.3, Gróðurlitlar hásléttur.

### 3.4 Háheiðar

Grónar og votlendar heiðar eða gróðurvinjar með fjölda smærri vatna og tjarna. Óbyggt land í yfir 400 metra hæð yfir sjávarmáli.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Flatlendar eða hæðóttar heiðar.
- Víðátta er mikil.
- Hálandi í um og yfir 400 metra hæð yfir sjávarmáli.

##### Yfirborð lands:

- Votlendi eða gróðurvinjar sem einkennast af votlendisgróðri og graslendi.
- Rof er lítið sem ekkert.
- Getur verið stórgrýtt með melum inn á milli.
- Fjöldi smærri vatna og tjarna auk upptök áa.

##### Landnýting:

- Byggð er lítil sem engin, einstaka fjallaskálar og vegir.
- Veiði í stærri vötnum.
- Beitolönd.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir og mikil víðsýni.
- Í bakgrunni sjást hærri föll og/eða jöklar.



MYND 22 a Þjórsárver. b Þjórsárver. Heimild EFLA verkfræðistofa. c Fljótsdalsheiði. Ljósm. Örn Óskarsson. d Víðidalstunguheiði, Víðidalsfjall í baksýn. Ljósm. Sigurjón Páll Ísaksson.

## Svæði

**3.4.1 Arnarvatnsheiði, Tvídægja, Víðidalstunguheiði og Grímstunguheiði:** Víðáttumikið heiðaland á norðvestanverðu miðhálandinu. Land er í um 300 til 900 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er votlent, mólent eða moslent. Inn á milli eru lítt grónir melar. Óteljandi fjöldi vatna, auk lækja og áa eru á heiðinni. Land er nýtt til beitar og veitt er í vötnum. Fjallaskálar eru innan svæðisins.

**3.4.2 Guðlaugstungur og Ásgeirstungur:** Flatlent og víðáttumikið gróðurlendi norðvestan við Hofsjökul, austan Blöndu. Land er í um 500 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er gróið og gróðurfur fjölbreytt. Stór hluti svæðisins er votlendi með ám, tjörnum og grunnum vötnum. Byggð er engin.


**3.4.3 Mývatnsheiði:** Láglandar og víðáttumiklar heiðar ofan dala Skjálfanda. Land er í 200 til 500 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er mólendi og votlendi. Nokkur fjöldi vatna og tjarna. Allnokkrir bæir voru áður á heiðunum en flestir þeirra eru nú í eyði.

**3.4.4 Jökuldalsheiði og Vopnafjarðarheiði:** Heiði milli Þríhrynings- og Möðrudalsfjallgarðs og Jökuldals. Land er í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Öldótt landform með lítt grónum melum á hæðum og hryggjum, mólendi í lægri hlíðum. Votlendi, vötn, tjarnir og lækir í lægðum. Útivist er stunduð á heiðinni og veitt er í vötnum.

**3.4.5 Fljótsdalsheiði, Fellaheiði og Vesturöræfi:** Víðáttumikil og gróin heiði milli Fljótsdals og Jökuldals. Land er í um og yfir 400 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er mólendi og votlendi. Mikið er af smávötnum og ám. Byggð er engin á heiðinni en um hana liggur vegur. Íslenski hreindýrastofninn hefur einkum haldið sig á þessu svæði.

**3.4.6 Síðuafréttur:** Gróin heiði ofan Kirkjubæjarklausturs. Land er í um 200 til 800 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er votlendi eða moslendi, auk þess sem hraun hafa runnið innan svæðisins. Einstaka rofsvæði. Eitthvað er af ám og vötnum. Byggð er lítil, aðeins stöku bæir í inndölum.

**3.4.7 Þjórsárver:** Flatlend og víðáttumikil gróðurvin á miðhálandi, suðaustan Hofsjökuls. Land er í um 600 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er gróið og litríkt enda gróðurfur fjölbreytt, t.d. votlendi og rústamýravist. Ár og lækir kvíslast um svæðið. Við rætur Hofsjökuls ganga skriðjökklar niður á milli hárra fjalla. Byggð er engin en svæðið er nokkuð nýtt til útivistar. Mikið heiðagæsavarp.



MYND 23 Landslagsgerð 3.4, Háheiðar.



4.  
Virk/ung eldfjallasvæði

## 4 VIRK/UNG ELDFJALLASVÆÐI

Land innan virka eldstöðvæltisins þar sem eldgos og háhiti hafa mótað bæði landform og yfirborð lands. Hraun, gígar og aðrar jarðmyndanir einkenna landslagið. Gróðurþekja er mjög mismunandi en almennt eru láglendari svæðin gróðursælli en þau hálandari. Á hálandi er rof víða mikið og hraun sandorpin. Byggð er einnig mismikil á milli svæða þó stór hluti þeirra séu óbyggðir.


Landslagsgerðir sem falla undir yfirflokkinn *Virk/ung eldfjallasvæði* eru:

4.1 Litrík háhitasvæði

4.2 Ungt fjallendi með nútímahraunum

4.3 Ung gróin hraun

4.4 Ung hraun á láglendi



MYND 24 Virk/ung eldfjallasvæði.

#### 4.1 Litrík háhitasvæði

Mikill jarðhiti, litríkar hæðir og hverir með gufustrókum setja svip sinn á landslagið. Fjölbreytni er mikil með skörpum andstæðum. Byggð er lítil innan svæða en þau eru vinsælir ferðamannastaðir og orkuvinnslusvæði.

##### Einkenni landslags

###### Landform og landhæð:

- Fjalllendi á háhitasvæði með miklum jarðhita.
- Líparít- og móbergsfjöll eða -hryggir.
- Brattar hæðir eða fjöll.
- Land að mestu í yfir 200 metra hæð yfir sjávarmáli.

###### Yfirborð lands:

- Hverir, laugar og gufustrókar.
- Litrík jarðefni s.s. líparít og útfellingar, gul- og rauðleitir litir áberandi.
- Grófar skriður.
- Eitthvað af nýlegum hraunum.
- Ósamfelld gróðurþekja, aðallega mosagrónar hæðir eða lægðir, hvera- eða hálendisgróður.
- Fjölbreytt og fremur hrjúft yfirborð.
- Eitthvað af ám og vötnum í lægðum.

###### Landnýting:

- Lítil byggð, aðeins stöku fjallaskálar, jarðvarmavirkjanir og hálendisvegir eða slóðir.
- Vinsælir ferðamannastaðir og orkuvinnslusvæði, göngustígar og gönguleiðir algengar.

###### Sjónrænir eiginleikar:

- Fjölbreytt útsýni í litum, áferð og formum
- Stuttar sjónlengdir en lengjast eftir því sem kemur ofar.
- Útsýni af fjöllum er mikið og fjölbreytt.



MYND 25 a Torfajökulssvæðið. b Landmannalaugar. c Kerlingarfjöll. d Kröfluvirkjun. Ljós. Örn Óskarsson.



## Svæði

**4.1.1 Krýsuvíkursvæðið:** Fjallshryggir á sunnanverðum Reykjanesskaga í um 50 til 300 m hæð yfir sjávarmáli. Móbergshryggir með bröttum hömrum, nútímahraun auk eldri jarðmyndana á láglendi milli hryggja. Melar og mosavaxin hraun þekja yfirborð og rof er talsvert. Innan svæðis eru leir og gufuhverir og frá þeim liðast gufustrókar. Borað hefur verið á svæðinu vegna nýtingar jarðvarma. Vötn er að finna í lægðum, t.d. eitt af stærri vötnum landsins, Kleifarvatn. Gönguleiðir og vegslóðir liggja um svæðið og hverasvæði er vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

**4.1.2 Krafla og Þeistareykir:** Móbergshryggir norður af Mývatni í 300 til 800 m hæð yfir sjávarmáli. Landslag er fjölbreytt. Á láglendi eru nýleg og ógróin basalthraun, auk mosa og graslendis. Fjallshlíðar eru skriðular. Gul-, græn- og rauðleit hverasvæði og gufustrókar á stöku stað. Svæðið er fremur þurr en með einstaka vötnum. Á svæðinu eru jarðvarmavirkjanir og hverasvæði eru vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Hluti svæðisins er mikið raskaður vegna jarðvarmavinnslu og iðnaðarstarfsemi.

**4.1.3 Vonarskarð og Tungnafellsjökull:** Breiður dalur og fjöll sem afmarkast af Vatnajökli í austri og Tungnafellsjökli í vestri. Land er í um 800 til rúmlega 1.500 m hæð yfir sjávarmáli. Landform eru fjölbreytt og talsverðar andstæður eru innan svæðis, frá flötum áraurum og hraunum til hárra fjalla og jökuls. Í jaðri Tungnafellsjökuls eru gil og skorningar. Jökulár og lækir renna undan jöklinum og um flatlenda aura. Jarðhiti og hverir eru innan svæðisins. Yfirborð er að mestu ógróin melar og áraurar en einhver gróður er við læki og á hverasvæði. Byggð er engin innan svæðisins utan fjallaskála. Stöku hálendisslóðir liggja um svæðið.


**4.1.4 Kverkfjöll:** Móbergshryggir norðan Vatnajökuls í um 700 til 1900 m hæð yfir sjávarmáli. Kverkfjöll skriður niður á milli Kverkfjalla og frá þeim ganga samsíða hryggir með klettum eða skriðulum hlíðum. Úr jöklinum renna jökulár. Svæðið er að mestu ógróið, að stærstum hluta melar en hraun í lægðum. Jarðhiti er mikill og í dölum eru gufuhverir og heitar laugar. Byggð er engin innan svæðisins utan fjallaskála.

**4.1.5 Torfajökulssvæðið:** Fjalllendi umhverfis og norðan Torfajökuls í 500 til 1.300 m hæð yfir sjávarmáli. Einkennandi eru líparítfjöll auk móbergshryggja með skriðulum hlíðum og giljum. Víða eru fannir og smájökjar í fjallstoppum. Yfirborð er gul-, græn- og rauðleitt vegna jarðhita og gufustrókar liðast upp frá hverum. Á láglendi eru nýleg hraun, vikursléttur og melar en hæðir eru víða mosagróin. Jökulár renna í giljum og á grýttum áreyrum sem eru þurrar mestan part ársins. Eitthvað er af minni ám og lækjum auk stöku vatna. Engin byggð er á svæðinu utan fjallaskála. Svæðið er mjög vinsælt til útivistar og þar liggja gönguleiðir, auk vegslóða.

**4.1.6 Kerlingarfjöll:** Fjallgarður á hálendi suðvestan Hofsjökuls í um 700 til 1.400 m hæð yfir sjávarmáli. Einkennandi eru líparítfjöll auk lægri móbergshryggja með skriðulum hlíðum og giljum. Víða eru fannir og smájökjar í fjallstoppum. Yfirborð er rauð- eða gulleit vegna jarðhita og gufustrókar á stöku stað. Grýttir og ógróin melar þekja stærstan hluta yfirborðs. Ár renna í lægðum og hafa sums staðar grafið djúp gljúfur. Engin byggð er á svæðinu utan fjallaskála. Gönguleiðir liggja um svæðið.

**4.1.7 Hengillssvæðið:** Dalskorið fjalllendi sunnan Þingvallavatns í 100 til 800 m hæð yfir sjávarmáli. Á svæðinu eru móbergshryggir með skriðulum hlíðum, mosagróin basalthraun á yfirborði, melar

og votlendi í lægðum. Gufustrókar liðast upp frá hverum. Ár, lækir og fossar eru í dalbotnum eða giljum. Á svæðinu eru jarðvarmavirkjanir og háspennulínur eru áberandi. Vinsælar gönguleiðir liggja um svæðið og baðaðstaða er við heita læki.



MYND 26 Landslagsgerð 4.1, Litrík háhitasvæði.

## 4.2 Ungt fjalllendi með nútímahraunum

Ung hraun og fjalllendi á virka eldstöðvabeltinu. Þar er að finna móbergsfjöll eða stapa með hraunum og grýttum eða sendnum flóðasléttum í lægðum. Gróður er gisinn, aðallega mosi eða gras. Byggð er lítil.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Mishæðótt land með móbergsfjöllum og stöpum.
- Flatar eða úfnar hraunbreiður, flóðasléttur í lægðum.
- Gígar og aðrar jarðmyndanir.
- Einstaka jöklar á hæstu fjöllum.
- Hálendi eða hálendisjaðar.
- Mikill breytileiki í hæð .
- Land í 200 til 1.500 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Ung hraun sem runnið hafa eftir að ísaldarjökullinn hörfaði.
- Lítt eða ógrónir melar og sandlendi, eitthvað af moslendi.
- Hluti hrauna er sendinn með úfnu yfirborði.
- Gróðurþekja minnkar með hæð.
- Víða mikið rof.
- Skriðular hlíðar og klettur í fjöllum.
- Breytileiki í vatnafari, mörg þurr svæði en innan hluta þeirra er fjöldi vatna og áa.

#### Landnýting:

- Óbyggð svæði, aðeins fjallaskálar, virkjanamannvirki, og vegir.
- Mörg svæði nýtt til útivistar.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Sjónlengdir geta verið langar, fer eftir því hversu hæðótt/fjalllent landið er.
- Sjónræn fjölbreytni í landformum og yfirborðum.
- Á þurrum svæðum þar sem gróðurþekja er lítil getur verið mikil einsleitni hvað varðar yfirborð lands, áferð þess og litbrigði.



MYND 27 a Tungnaá, Veiðivötn. b Þóristindur. c Hekla. d Eldgjá. e Þórsmörk. Ljós. Örn Óskarsson.

## Svæði

**4.2.1 Hallmundarhraun og Geitland:** Hálendisvæði vestan Langjökuls í um 300 til 1650 m hæð yfir sjávarmáli. Hraunbreiða þekur stærstan hluta svæðisins en upp úr henni rísa nokkur há fjöll auk Eiríksjökuls. Fjalllendi er að mestu ógróinir melar með klettum og skriðulum hlíðum. Hraun eru misgróin. Á láglandari hluta svæðisins eru hraun lyng- og mosavaxin en með aukinni hæð dregur úr gróðurþekju og er stór hluti hrauna ógróin. Fjöldi hella er í hrauninu. Svæðið er óbyggt en nýtt til útivistar.

**4.2.2 Snæfellsnesgosbeltið:** Fjallgarður fyrir miðju Snæfellsnesi í um 200 til 1.400 m hæð yfir sjávarmáli. Þar rís Snæfellsjökull hæst, en hann er einn af minni jöklum landsins. Yfirborð er að mestu klettur og skriður en lítt gróinir eða mosavaxnir melar og sandar á flatlendi, auk þess sem hraun eru innan svæðis. Ár og lækir renna niður á láglandi og smærri vötn eru í lægðum. Svæðið er óbyggt en vegir þvera fjalllendið.

**4.2.3 Ódáðahraun:** Hálendisvæði sem nær frá norðurjaðri Vatnajökuls að austurbökkum Mývatns. Land er í um 300 til 1.400 m hæð yfir sjávarmáli. Innan svæðis eru eldstöðvar, stök móbergsfjöll og fjallgarðar, nýleg og eldri hraun. Má þar nefna Öskju, Trölladyngju og Herðubreið, Ódáðahraun og Holuhraun. Sandur og vikur þekur yfirborð og gróður er nánast enginn. Einstaka hraun eru gróin mosa og fléttum og þá aðallega lægra í landi. Rof er mikið og svæðið er þurr, einstaka ár og lækir kvíslast um sanda og hraun. Herðubreiðarlindir skera sig þar úr sem einskonar vin í eyðimörkinni. Öskjuvatn er í Öskju. Svæðið er óbyggt en vinsælt til útivistar. Þar eru nokkrir fjallaskálar og hálendisvegir.

**4.2.4 Heljargjá og Hágönguhraun:** Hálendisvæði vestan Vatnajökuls í um 500 til 1.300 m hæð yfir sjávarmáli. Land hækkar til norðausturs auk þess sem hærri móbergsfjöll standa upp úr landi. Hraun, melar, sandar eða vikur þekja yfirborð sem er að mestu ógróið. Svæðið er þurr þó nokkrar jökulár renni um það. Rof er mjög mikið. Svæðið er óbyggt en þar er miðlunarlón, einstaka fjallaskáli auk vegslóða.

**4.2.5 Veiðivötn, Langisjór og Eldgjá:** Hálendisvæði sem nær frá norðausturenda Mýrdalsjökuls að Þórisvatni og Vatnajökli. Svæðið er í um 200 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Samsíða móbergshryggir og gossprungur standa upp úr hraunum, sandöldum og vikri. Gígar eru víða áberandi. Hraun víða vaxin mosa og fléttum. Á láglandari hluta svæðisins er moslendi og mólendi. Ár renna samsíða hryggjum og fjöldi vatna er í lægðum. Svæðið er óbyggt en nýtt til útivistar. Veitt er í vötnum og innan svæðis eru fjallaskálar og hálendisvegir.

**4.2.6 Þórisvatn og Hrauneyjar:** Svæði sunnarlega á miðhálandinu, í um 250 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Landform eru flöt eða öldótt með stökum hæðum og fjöllum þegar ofar dregur. Á yfirborði eru hraun þakin sandi og vikri. Rof er mikið. Unnið hefur verið að landgræðslu á láglandari hluta svæðisins þar sem lúpínu og melgresi hefur verið sáð og birki plantað. Þess utan er gróður aðeins við ár og læki. Nokkrar vatnsaflsvirkjanir, stór miðlunarlón og háspennulínur eru innan svæðisins. Vegir liggja um svæðið auk þess sem þar eru nokkrir fjallaskálar.

**4.2.7 Hekla og Tindfjöll:** Hálendi og hálendisjaðar norðan Mýrdalsjökuls í 300 til 1.500 m hæð yfir sjávarmáli. Fjöll og hryggir standa upp úr flötu eða hæðóttu landi. Hæst rísa Hekla og Tindfjallajökull, eldkeila með smájökli. Á yfirborði eru hraun, melar, sandar og vikur. Hraun eru mestu ógróin, en


verða grónari þegar neðar dregur í landi. Á stórum hluta svæðisins er rof mikið. Nyrst á svæðinu er fjöldi vatna auk minni áa sem renna um sanda. Einnig renna nokkrar jökulár frá Mýrdalsjökli. Þess utan er svæðið mjög þurr. Svæðið er að stærstum hluta óbyggt, aðeins er byggt í vesturjaðri þess. Svæðið er talsvert nýtt til útivistar, s.s. til gönguferða auk þess sem veitt er í vötnum, og innan þess eru fjallaskálar og hálendisvegir.

**4.2.8 Þórsmörk og nágrenni:** Breiður dalur afmarkaður af Eyjafjallajökli í suðri og Mýrdalsjökli í austri. Land er í um 100 til 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Grýttir aurar jökuláa þekja flatlendi en upp úr flatlandinu rísa mosa- og kjarrvaxnir móbergshryggir. Gróðurfar er mjög fjölbreytt. Í bröttum hlíðum jökuljaðars eru grýttar og lítt gróinir skriður eða klettur. Miklar andstæður og fjölbreytni eru í landslagi. Svæðið er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og þar eru fjölfarnar gönguleiðir auk nokkurra skála. Mikil uppgræðsla hefur átt sér stað innan svæðisins og er það beitarfriðað.

**4.2.9 Eyjafjöll og fjallendi sunnan Mýrdalsjökuls:** Fjallendi við rætur Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls. Land er í um 200 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Öldótt eða hæðótt landform. Yfirborð er lítt gróinir eða ógróinir melar, sandlendi eða vikur og grýttar skriður eða klettur þar sem landhalli er mikill. Frá jöklum renna ár og lækir um svæðið og falla í fossum niður á láglandi. Svæðið er óbyggt. Milli jöklanna liggur vinsæl gönguleið um Fimmvörðuháls.

**4.2.10 Fjallendi ofan Laugarvatns:** Hálendisjaðar ofan Laugarvatns. Land er í um 300 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Hæðótt landform með fjöllum og fjallshryggjum. Yfirborð er að stærstum hluta lítt gróinir melar eða sandlendi, auk moslendis. Einnig eru hraun innan svæðisins, bæði gróin og ógróin. Nokkrar ár og lækir renna niður á láglandi. Svæðið er óbyggt en þar eru vegslóðir og er það nýtt til útivistar.

**4.2.11 Skjaldbreiður:** Hálendisvæði norðan Þingvallavatns í 300 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Skjaldbreiður rís þar hæst, en hún er dyngja sem myndaðist í flæðigosi. Hraunbreiða Skjaldbreiðar þekur yfirborð sem er fremur flatt, fyrir utan fjallshryggi á suðurhluta svæðisins. Hraun eru misgróin, þar sem hluti þeirra er vaxinn mosa og lyngi og hluti ógróinn og sandorpinn. Á ógrónum hluta svæðisins er rof mikið. Svæðið er óbyggt. Fáeinir fjallaskálar eru innan þess auk vega og háspennulína.



**MYND 28** Landslagsgerð 4.2, Ungt fjallendi með nútímahraunum.

### 4.3 Ung gróin hraun

Kjarri vaxin hraun á láglandi við ár eða vötn. Hraunmyndanir og gíggar eru áberandi. Víða þétt sumarhúsabyggð.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Flatlent eða dældótt land.
- Úfin apalhraun.
- Láglandi inn til lands í 50 til 300 m hæð yfir sjávarmáli.

##### Yfirborð lands:


- Svæðin eru á virka eldstöðvabeltinu og þar er að finna ung hraun sem runnið hafa eftir að ísaldarjökullinn hörfaði.
- Hraunmyndanir, eins og gervigígar, auk einstaka eldri móbergsmyndana standa upp úr annars flötu landi.
- Hraun eru vaxin mosa og/eða birki og græn tún eða graslandi á milli.
- Grófgert yfirborð hrauna og kjarrs.
- Ár og vötn eru áberandi.

##### Landnýting:

- Talsverð sumarhúsabyggð, staðir tengdir ferðaþjónustu, vegir og bæir.
- Auk upprunalegs birkiskógar hefur öðrum hávaxnari trjágróðri verið plantað. Skógar eru nýttir til útivistar.
- Virkjanir, miðlunarlon og háspennulínur á hluta svæða.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Fremur stuttar sjónlengdir vegna legu svæða. Af hæðum geta sjónlengdir hins vegar verið langar og víðsýni mikil.
- Sjónrænn fjölbreytileiki hvað varðar áferð yfirborðs, landform og litbrigði.




MYND 29 a Grímsnes. b Sogið. c Kerið, Grímsnesi. d Þingvellir. e Mývatn. Ljós. Örn Óskarsson. f Gervigígar við Mývatn. Heimild EFLA verkfræðistofa.

## Svæði

**4.3.1 Mývatn:** Svæði á Norðausturlandi í 200 til 300 m hæð yfir sjávarmáli. Stórt vatn umkringt ungu úfnu hrauni og gervígum sem setja svip sinn á landslagið. Fjöl margar litlar eyjar eru í vatninu. Yfirborð er vel gróið og gróður fjölbreyttur þar sem skiptast á skógar, mó- og votlendi. Hraun eru mosavaxin næst vatninu en gróðurþekja minnkar þegar fjær dregur. Dreifð byggð bæja og sumarhúsa er meðfram vatninu, auk minni byggðakjarna.

**4.3.2 Grímsnes:** Svæði á suðvesturluta landsins í allt að 100 m hæð yfir sjávarmáli. Dældótt land með hraunum og gíghólum einkennir landslagið. Yfirborð er vel gróið lyngi og birkiskógum auk ræktaðra skóga. Stórar ár afmarka svæðið, annars vegar Sogið sem er vatnsmesta lindá landsins og hins vegar Hvítá sem er jökulá. Á svæðinu er stundaður landbúnaður en hann hefur að hluta til vikið fyrir frístundabyggð og ferðaþjónustu. Byggst hefur upp þétt byggð sumarhúsa á svæðinu og skógar eru nýttir til útivistar. Virkjanir, miðlunarlón og háspennulínur.

**4.3.3 Þingvallasvæðið:** Svæði á suðvesturluta landsins í undir 100 m hæð yfir sjávarmáli. Þingvallavatn er stærsta vatn landsins. Er það að mestu umkringt ungum hraunum. Áhrifa flekahreyfinga gætir við norðurenda vatnsins þar sem sprungur og landsig setja svip sinn á landið. Má þar sérstaklega nefna Almannagjá. Einstaka móbergsfjall stendur upp úr hrauninu. Yfirborð er vel gróið og gróður fjölbreyttur þar sem skiptast á skógar, lyng- og mosagróin hraun. Við norðurenda vatnsins eru Þingvellir, alþingi Íslendinga til forna. Hluti svæðisins er innan Þingvallarþjóðgarðs. Dreifð byggð sumarhúsa er meðfram vatninu, utan þjóðgarðsmarka.



MYND 30 Landslagsgerð 4.3, Ung gróin hraun.

#### 4.4 Ung hraun á láglandi

Ung hraunasvæði á láglandi við strendur, staðsett á virka eldstöðvabeltinu. Hraun eru úfin en gróin og þar má finna sérstakar jarðmyndanir.

##### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Flatlend eða öldótt landform.
- Stök fjöll.
- Láglandi í 0 til 600 m hæð yfir sjávarmáli.

##### Yfirborð lands:

- Svæðin eru einkum á virka eldstöðvabeltinu og þar er að finna ung hraun sem runnið hafa eftir að ísaldarjökullinn hörfaði.
- Hraunmyndanir.
- Set/sandur í lægðum.
- Hraun víða mosagróin og gras eða kjarr í skjólsælum lægðum, eða þar sem jarðvegur hefur náð að myndast.
- Við sjó eru sendnar strendur, björg eða klappir, auk þess sem hraun nær sums staðar alla leið út í sjó.

##### Landnýting:

- Dreifð byggð auk lítilla til stærri þéttbýlisstaða.
- Útivistarsvæði.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Nokkuð langar sjónlengdir og mikil víðsýni. Öldótt landform og fjöll geta þó dregið úr víðsýni
- Útsýni út á haf frá ströndinni og af hærri stöðum.
- Fjalllendi í bakgrunni.



MYND 31 a Eldhraun í Skaftárhreppi. b Svínahraun. c Bláa Lónið, Reykjanesi. Ljós. Örn Óskarsson.


## Svæði

**4.4.1 Reykjaneskagi:** Nes við suðvesturströnd landsins. Land nær frá sjó upp í 300 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er fremur flatt eða öldótt með stökum lágum fjöllum. Úfin en gróin hraun þekja nær allt yfirborð. Gróður er aðallega mosi og lyng. Hraun ná víða út í sjó, auk þess sem sums staðar eru björg við ströndina. Tvö eldstöðvakerfi eru innan svæðisins, Reykjanes og Svartsengi, og er þar talsverður jarðhiti. Á Reykjanesi er hverasvæði kennt við Gunnuhver og fyrir miðju svæðis er Bláa lónið. Utan þess er svæðið mjög þurrt. Nokkrir þéttbýlisstaðir eru meðfram ströndinni. Þess utan er byggð lítil. Háspennulínur og vegir liggja um svæðið.

**4.4.2 Vestanvert Snæfellsnes:** Ysti hluti Snæfellsnes. Land nær frá sjó upp í 200 m hæð yfir sjávarmáli. Land er flatt eða öldótt og úfin en gróin hraun þekja yfirborð. Hraunmyndanir eru fjölbreytilegar á svæðinu og er talsvert af hellum. Við sjó eru bæði sendnar strendur og björg, auk þess sem hraun nær sums staðar út í sjó. Byggð er lítil. Vegir liggja um svæðið.

**4.4.3 Eldhraun í Skaftárhreppi:** Undirlendi, milli Mýrdalssands og Skeiðarársands. Land nær frá sendinni strönd upp í 300 m hæð yfir sjávarmáli. Flatt landform þar sem úfin en að mestu gróin hraun þekja yfirborð. Hraunmyndanir eins og gervígiga er að finna á svæðinu. Nokkrar ár renna að hluta um svæðið og má þar t.d. nefna Skaftá. Dreifð byggð er innan svæðis auk eins byggðakjarna.

**4.4.4 Bláfjöll og Heiðin há:** Heiði og fjalllendi austast á Reykjanesi í 200 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Svæðið er nokkuð hærra í landi en önnur svæði innan þessa flokks og hefur ekki beina tengingu við sjó. Þrátt fyrir það er tenging við ströndina til staðar hvað varðar útsýni, gerð yfirborðs og gróður. Svæðið er fremur flatlent, fyrir utan stök fjöll og hryggi. Úfin en gróin hraun þekja flatlendi. Svæðið er þurrt og aðeins fáeinir smærri ár er þar að finna. Svæðið er óbyggt en vinsælt til útivistar. Í Bláfjöllum er skíðasvæði.



MYND 32 Landslagsgerð 4.4, Ung hraun á láglandi.





5.

**Undirlendi og inndalir**

## 5 UNDIRLENDI OG INNDALIR


Láglend og fremur gróðursæl landsvæði inn til landsins eða við jaðar hálendis. Landform er fremur flatt eða ávalt en innan svæða geta verið stök lág fjöll og/eða hryggir. Þéttbýlt er á hluta svæða og land víða nýtt til landbúnaðar eða sem beitiland.

Landslagsgerðir sem falla undir yfirflokkinn *Undirlendi og inndalir* eru:

5.1 Gróið undirlendi

5.2 Láglendisheiðar

5.3 Inndalir



MYND 33 Undirlendi og inndalir.

## 5.1 Gróið undirlendi

Landbúnaðarland inn til landsins, með þéttri byggð í dreifbýli og minni þéttbýliskjörnum. Lágir hryggir og kjarrlendi eru einkennandi. Gert er út á ferðaþjónustu.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Flatt eða öldótt land með stökum grágrýtis- og móbergshryggjum og hæðum.
- Láglandi inn til landsins við jaðar hálendis.
- Land í 100 til 300 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Gróið land þar sem skiptast á græn tún eða mólendi, oft með kjarrgróðri.
- Birkikjarr áberandi í hlíðum.
- Bújarðir með grónu landi. Land hefur verið girt af.
- Hluti votlendissvæða hefur verið ræst fram.
- Stórar ár hlykkjast eftir landinu. Lítil til meðalstór vötn.

#### Landnýting:

- Nokkuð þétt byggð í dreifbýli, sumarhúsabyggð og minni þéttbýlistaðir.
- Mikil ferðaþjónusta og vinsælir ferðamannastaðir.
- Landbúnaðarland og gert út á ferðaþjónustu.
- Sums staðar hefur hávöxnum trjategundum verið plantað við bæi eða sem skjólbelti meðfram túnum.

#### Sjónrænir eiginleikar:


- Langar sjónlengdir og mikil víðsýni.
- Nokkur sjónræn fjölbreytni.
- Í bakgrunni sjást fjöll og jöklar.



MYND 34 a Uppsveitir Árnessýslu. b Gullfoss. c Stóra Laxá og Hreppafjöll. d Strokkur í Haukadal. Ljós. Örn Óskarsson.

## Svæði

**5.1.1 Uppsveitir Árnassýslu:** Láglandi í um 50 til 200 m hæð yfir sjávarmáli. Land er fremur flatt með stökum móbergshryggjum og hæðum. Yfirborð er vel gróið, aðallega ræktað land, votlendi og skóglendi. Stórar ár hlykkjast eftir landinu, Hvítá og Þjórsá, og nokkur smærri vötn eru innan svæðis. Svæðið er eitt mesta landbúnaðarsvæði landsins og hefur land víða verið framræst og afgirt. Byggð er þétt í dreifbýli, bæði sveitabæir og sumarhúsabyggðir, auk smærri þéttbýlisstaða. Margir af vinsælustu ferðamannastöðum landsins eru innan svæðisins, t.d. Gullfoss og Geysir.



**MYND 35** Landslagsgerð 5.1, Gróið undirlendi.

## 5.2 Láglandisheiðar

Sléttar eða ávalar mýrar eða móar á lágheiðum í 100 til 400 metra hæð yfir sjávarmáli. Misgróið land þar sem rof getur verið talsvert. Land er víða nýtt til beitar.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Lágheiðar, oft við jaðar hálendis.
- Ávalt landform með mjúkum línum.
- Víðfeðmt og samfelld land.
- Lítil breytileiki í hæð innan svæða.
- Land í 100 til 500 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Misgróið mólendi og moslendi, eitthvað af lágum trjágróðri, s.s. lyngi, birkikjarri og víðibrúskum og stöku votlendi í lægðum.
- Mikil einsleitni í yfirborðsgerð.
- Eitthvað af minni ám, lækjum og tjörnum.

#### Landnýting:

- Lítil byggð, fjallvegir.
- Land nýtt til beitar.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir og mikil víðsýni vegna ávals landforms.
- Af jöðrum svæða er útsýni yfir láglandi.
- Hærri fjöll í bakgrunni.



**MYND 36** a Mosfellsheiði, Vífilfell í baksýn. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson. b Hólmatungur, Jökulsárgljúfur. Ljós. Örn Óskarsson.


## Svæði

**5.2.1 Mosfellsheiði:** Heiði vestan Þingvallavatns. Land er í 100 til 400 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er ávalt en lág fjöll eru vestast. Yfirborð er aðallega mosi og mólendi. Smærri ár og lækir renna af heiðinni niður á láglandið í kring. Byggð er nánast engin en vegir liggja um svæðið auk háspennulína og hitaveitulagnar.

**5.2.2 Heiðar ofan Borgarfjarðardala:** Heiðarland og hálendisjaðar ofan inndala Borgarfjarðar. Land er í um 200 til 500 m hæð yfir sjávarmáli. Mosavaxnir melar og mólendi með votlendi í lægðum einkenna yfirborð. Töluvert af tjörnum og minni ám eru á svæðinu, auk þess sem Reyðarvatn er innan svæðis. Veiði er í vatninu. Byggð er engin.

**5.2.3 Ásheiði:** Heiðarland upp af Kelduhverfi og Öxarfirði. Land er í um 100 til 300 m hæð yfir sjávarmáli. Það er að mestu flatt, utan nokkurra stakra fjalla og hækkar aflíðandi frá strönd. Yfirborð er vel gróið mólendi með víði- og birkikjarri á gömlu hrauni. Í gegnum svæðið rennur Jökulsá á Fjöllum í Jökulsárgljúfri og þar fellur Dettifoss. Bæði gljúfrin og Dettifoss eru vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Byggð er engin en vegir liggja um svæðið.

**5.2.4 Lyngdalsheiði:** Heiði austan Þingvallavatns. Land er í 100 til 400 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er ávalt og yfirborð aðallega mosi og mólendi. Land er þurrt og fáar ár renna af heiðinni. Byggð er engin innan svæðis en nokkuð fjölfarinn vegur liggur yfir heiðina og svæðið nýtt til útivistar.



MYND 37 Landslagsgerð 5.2, Láglandisheiðar.

### 5.3 Inndalir

Grónir dalir inn til landsins við jaðar hálandis. Byggð er töluverð og landnýting fjölbreytt.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Dalir sem ná frá láglendi, oft upp að hálandisbrún eða að jaðri hálandis.
- U eða V-laga landform, mjúkar línur.
- Land yfirleitt í 50 til 400 m hæð yfir sjávarmáli.

##### Yfirborð lands:

- Gróið land, gras-, mó- og votlendi, auk skóglendis með birkikjarri og barrskógum.
- Slétt yfirborð.
- Ár og vötn í dalbotnum.

##### Landnýting:

- Nokkuð mikil byggð, aðallega í dreifbýli, en þó geta verið stærri þéttbýlisstaðir.
- Sumarhúsabyggð.
- Að miklu leyti landbúnaðarland og gert út á ferðaþjónustu.
- Skógræktarland.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir inn og út eftir dölum. Styttri sjónlengdir til hliðanna vegna hæða eða fjalla.
- Gott útsýni úr hlíðum dalanna.
- Sjónræn fjölbreytni í yfirborði lands, gróðri og vatnafari.
- Hærri fjöll eða jöklar í bakgrunni.



MYND 38 a Norðurárdalur. b Skorradalur. c Hallormsstaðaskógur, Fljótsdal. Ljós. Örn Óskarsson. d Fljótsdalur e Þverárhlið í inndölum Borgarfjarðar. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson. f Eyjafjarðarsveit. Ljós. Örn Óskarsson.

## Svæði

**5.3.1 Uppsveitir og inndalir Borgarfjarðar:** Láglandi inn af Borgarfirði sem nær upp að um það bil 200 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er fremur flatt með ásum og klöppum. Yfirborð er vel gróið og votlendi í lægðum. Langir dalir ganga inn á milli brattrá hálsa í átt að hálendi. Má þar t.d. nefna Skorradal, Lundarreykjadal og Norðurárdal. Inndalir eru grösugir og víða vaxnir birkikjarri. Ár renna í dalbotnum og eftir Skorradal endilöngum liggur Skorradalsvatn. Byggð er þétt í dreifbýli, bæði sveitabæir og sumarhúsabyggðir. Veitt er í ám.

**5.3.2 Miðfjarðardalir, Fitjárdalur og Víðidalur:** Dalir inn af Húnafirði og Miðfirði sem ná upp að háheiðum í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er gróið, mólendi og votlendi og eftir dalsbotnum renna ár. Dreifð byggð bæja er í dölunum og þar er stundaður landbúnaður.

**5.3.3 Vatnsdalur:** Langur og þröngur dalur inn af Húnafirði sem nær upp að háheiðum í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er gróið, gras-, mó- og votlendi. Eftir dalsbotninum rennur á og þar er vatn. Byggð er töluvert þétt í dreifbýli og stundaður landbúnaður.

**5.3.4 Langidalur, Svínadalur og Blöndudalur:** Dalir inn af Húnafirði sem ná upp að háheiðum í um 400 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er gróið, gras-, mó- og votlendi. Eftir Langadal rennur á og innan svæðisins er allstórt vatn, auk minni tjarna. Í dölunum er dreifð byggð og þar er stundaður landbúnaður. Nokkur fjöldi bæja er í eyði. Um Langadal liggur þjóðvegur.


**5.3.5 Uppsveitir og inndalir Skagafjarðar:** Láglandi inn af Skagafirði sem nær upp í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Djúpir og þröngir dalir ganga inn í átt að hálendi. Undirlendi er fremur lítið en gróið og gróðurfar er fjölbreytt með graslendi, mólendi, votlendi og moslendi. Eftir dalsbotnum renna stórar og minni ár, sumstaðar í djúpum giljum. Byggð er dreifð í dalbotnum, þar er stundaður landbúnaður og trjám hefur verið plantað. Nokkur fjöldi bæja er í eyði.

**5.3.6 Eyjafjarðarsveit:** Breiður og djúpur dalur inn af Eyjafirði sem nær upp í um 200 m hæð yfir sjávarmáli. Láglandi afmarkast af háum og bröttum fjöllum. Yfirborð er gróið, að mestu graslendi en einnig votlendi og mólendi. Ár og lækir renna eftir dalsbotninum. Byggð er þétt í dreifbýli, þar er stundaður landbúnaður og trjám hefur verið plantað.

**5.3.7 Inndalir Skjálfanda:** Langir dalir inn af láglandi Skjálfanda í um 150 m hæð yfir sjávarmáli. Heiðar skilja dalina að. Yfirborð er fjölbreytt. Stór hluti er gras- og mólendi en einnig skóglendi og gróin hraun. Ár renna eftir dalsbotnum. Byggð er dreifð í dalbotnum utan eins minni þéttbýlisstaðar. Stundaður er landbúnaður.

**5.3.8 Jökuldalur:** Þröngur og langur dalur vestur af Fljótsdalsheiði í um 100 til 400 m hæð yfir sjávarmáli. Dalurinn gengur inn í land í átt að hálendinu. Yfirborð er gróið mólendi og votlendi auk graslendis. Eftir dalbotninum rennur Jökulsá á Dal. Í gili árinna er Stuðlagil sem er stuðlabergsmýndun. Dreifð byggð er í dalnum og landbúnaður stundaður.

**5.3.9 Fljótsdalur:** Djúpur og breiður dalur í um 30 til 150 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er gróið, mó- og graslendi, auk þess sem stór svæði eru þakin birkikjarri og skóglendi. Eftir dalnum rennur Lagarfljót og er Lögurinn fyrir dalnum miðjum. Byggð er þétt í dreifbýli, bæði sveitabæir og sumarhúsabyggðir, auk stærri þéttbýlisstaðar, Egilsstaða. Austan Lagarins er Hallormsstaðaskógur, einn stærsti skógur landsins. Birki þekur stóran part skógarins auk þess sem öðrum trjátegundum hefur verið plantað. Skógurinn er vinsæll til útivistar.



MYND 39 Landslagsgerð 5.3, Inndalir.





6.

**Firðir og fjarðarheiðar**

## 6 FIRÐIR OG FJARÐARHEIÐAR

Þröngir og opnir firðir, láglandi þeirra og inndalir sem afmarkast af fjöllum, auk háslétta ofan og á milli fjarða falla innan þessa flokks. Almennt eru láglandi og inndalir grónir en brattar hlíðar fjalla skriðular með klettum efst. Ofan fjarða eru lítt grónar og grýttar hásléttur. Innan margra fjarða eru sjávarþorp og/eða dreifð byggð og þar sem undirlendi er nægjanlegt er stundaður landbúnaður. Afskekktir firðir eru hins vegar margir óbyggðir eða þá að búseta hefur lagst af.

Landslagsgerðir sem falla undir yfirflokkinn *Firðir og fjarðarheiðar* eru:


6.1 Þröngir jökulsorfnir firðir, fjalllendi og inndalir

6.2 Opnir jökulsorfnir firðir

6.3 Breiðir firðir milli hárra fjalla

6.4 Innfirðir með lágheiðum

6.5 Fjarðarhásléttur



MYND 40 Firðir og fjarðarheiðar.

## 6.1 Þröngir jökulsorfnir firðir, fjalllendi og inndalir

Brattir firðir með inndölum. Undirlendi er fremur lítið og upp af fjarðarbotnum ganga brött fjöll. Sjávarþorp og -bæir og landbúnaður við sjávarsíðuna og í inndölum.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Þröngir firðir með bröttum fjallshlíðum.
- Umhverfis firðina eru há tindótt fjöll.
- Blágrýti er mest áberandi og jarðlög eru með þeim elstu á landinu.
- Gróft landform með skörpum línum.
- Mikill breytileiki í hæð innan svæða.
- Land í 0 til 1.300 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Grýttar eða sendnar strendur í fjarðarbotnum, björg utar í fjörðum.
- Gras eða mólendi á jafnsléttu og víða birkikjarr í inndölum.
- Fjallshlíðar grónar neðst, urðarhlíðar ofar og klettur efst.
- Yfirborð oftast slétt þar sem er gróið en gróft/hrjúft þar sem er grjót eða klettur.
- Ár, lækir og fossar í fjarðarbotnum.

#### Landnýting:

- Í hluta fjarðanna er þéttbýli við sjávarmál.
- Sjávarþorp og fiskeldi stundað innan sumra fjarða.
- Landbúnaður er stundaður þar sem undirlendi er nægjanlegt.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Stuttar sjónlengdir vegna hárra landforma, en geta verið langar inn og út eftir fjörðum og inndölum.
- Úr fjallshlíðum er útsýni yfir firði.
- Sjónræn fjölbreytni í landformum og áferð yfirborðs.



MYND 41 a Norðfjörður á Ströndum. b Álftafjörður í Ísafjarðardjúpi. c Arnarfjörður. d Berufjörður. Ljós. Örn Óskarsson.


## Svæði

**6.1.1 Ísafjarðardjúp, sunnan- og vestanverðir Vestfirðir:** Djúpir jökulsorfnir firðir og inndalir á suðvestanverðum Vestfjörðum. Brött fjöll ganga upp frá fjarðarbotnum og þau hæstu ná um 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Undirlendi er lítið en gróið grasi eða birkikjarri. Skriður fjallanna eru lítt grónar, brattar, grófar og fremur óstöðugar. Lítt grónir melar á fjallstoppum. Byggð er í mörgum fjörðum, bæði strál byggð í dreifbýli og þéttbýlisstaðir. Ísafjörður er þeirra fjölmennastur.

**6.1.2 Suðurhluti stranda Hornstrandir, Jökulfirðir og Snæfjallaströnd:** Einangraðir jökulsorfnir firðir og inndalir á norðaustanverðum Vestfjörðum. Fjöll ganga upp frá fjarðarbotnum og þau hæstu ná um 800 m hæð yfir sjávarmáli. Undirlendi er lítið en grasigróið eða votlent og í inndölum er víða birkikjarr. Brattar skriður fjallanna eru lítt grónar, grýttar og fremur óstöðugar. Lítt grónir melar á fjallstoppum. Byggð er lítil, aðeins stöku bæir sem enn er búið á en eyðibýli og ummerki mannvistar fyrri tíðar er eitt af einkennum landslagins.

**6.1.3 Austfirðir, frá Berufirði að Loðmundarfirði** Djúpir og fremur þröngir jökulsorfnir firðir og inndalir. Há og brött fjöll ganga upp frá fjarðarbotnum og þau hæstu ná rúmlega 1.300 m hæð yfir sjávarmáli. Brattar skriður fjallanna eru lítt grónar, grýttar og fremur óstöðugar. Undirlendi getur verið nokkurt og er yfirborð þess mólent, graslent eða votlent og í inndölum er víða birkikjarr. Ár og lækir falla í fossum og renna til sjávar eftir fjarðarbotnum. Einhver byggð er innan flestra fjarða, bæði strjál byggð í dreifbýli og þéttbýlisstaðir. Þar eru Neskaupsstaður í Norðfirði og Seyðisfjörður í samnefndum firði fjölmennastir.

**6.1.4 Fjalllendi ofan Álftafjarðar og Hamarsfjarðar:** Fjöll og inndalir ofan fjarða á sunnanverðum Austfjörðum. Vesturjaðar svæðisins afmarkast af Vatnajökli. Þó vogskorin ströndin sé aðskilin svæðinu þá er landslag fjallanna sambærilegt öðrum fjöllum á Austfjörðum og útsýni yfir haf- og strandsvæði. Há og brött fjöll ganga upp frá ströndinni og þau hæstu ná um 1.100 m hæð yfir sjávarmáli. Milli fjalla eru jökulsorfnir dalir og eftir þeim renna ár. Hlíðar dalanna eru mó- og moslendur, auk þess sem víða vex birkikjarr. Fjöll eru skriðul og hlíðar þeirra ógrónar, grýttar og óstöðugar. Byggð er engin innan svæðis en nokkur með ströndinni.



MYND 42 Landslagsgerð 6.1, Þröngir jökulsorfnir firðir, fjallendi og inndalir.

## 6.2 Opnir jökulsorfnir firðir

Opnir firðir með umgjörð jökulsorfinna fjalla. Hlíðar brattar eða aflíðandi og undirlendi talsvert. Láglandi er gróið og graslent landbúnaðarland. Dreifð byggð og þéttbýlisstaðir/byggðakjarnar við ströndina.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Láglandi sem gengur upp af ströndum fjarða.
- Flatt eða ávalt land milli hárra fjalla.
- Lítil breytileiki í hæð eða land hækkar lítillega eftir því sem kemur innar í landið.
- Land í 0 til 200 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Gras, mólendi og votlendi, einkum nálægt ám.
- Ræktað land.
- Ár hlykkjast eftir láglandi í átt til sjávar.

#### Landnýting:

- Byggð, bæði dreifbýli og þéttbýli.
- Þéttbýlisstaðir/byggðakjarnar, helst við sjávarsíðuna.
- Landbúnaðarland og sjávarþorp.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir inn og út eftir fjörðum og yfir haf við ströndina. Fjallgarðar afmarka láglandið og þ.m.t. sjónlengdir.
- Útsýni upp á fjöll eða yfir haf.
- Nokkur sjónræn fjölbreytni hvað varðar landform og yfirborð lands.



MYND 43 a Akureyri, Eyjafjörður. b Núpasveit við Öxarfjörð.

## Svæði


**6.2.1 Skagafjörður:** Breiður og opinn fjörður á Norðurlandi. Land nær frá sjó upp í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Hár fjallgarðar ganga upp frá láglandi og afmarka svæðið. Yfirborð er grasi gróið eða votlent. Ár og lækir kvíslast eftir aflíðandi og breiðu láglandinu. Dreifð byggð er á svæðinu auk þéttbýlisstaðar og byggðakjarna við ströndina. Land er nýtt til landbúnaðar.

**6.2.2 Eyjafjörður:** Láglandi fjarðarins sem nær frá sjó upp í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Upp frá láglandi ganga há og brött fjöll. Yfirborð er vel gróið, gras- og mólendi, auk kjarr- og skóglendis. Byggð er mikil og er næststærsti þéttbýlisstaður landsins, Akureyri, í botni fjarðarins. Auk þessu eru minni þéttbýlisstaðir/byggðakjarnar og dreifð byggð á svæðinu. Land er nýtt til landbúnaðar.

**6.2.3 Skjálfandi** Breiður fjörður á Norðurlandi. Land nær frá sjó upp í um 200 m hæð yfir sjávarmáli. Hár fjallgarður afmarkar svæðið að vestanverðu. Yfirborð er að mestu vel gróið og gróður fjölbreyttur. Graslandi, skóglendi og votlendi. Gróið hraun þekur allstórt svæði. Ár renna til sjávar. Dreifð byggð er á svæðinu og við ströndina er byggðakjarni. Láglandi er nýtt til landbúnaðar og veitt er í ám.

**6.2.4 Öxarfjörður og Kelduverfi:** Breiður og opinn fjörður á Norðausturlandi. Land nær frá sjó upp í um 200 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er flatt og yfirborð í meðallagi gróið. Á stærstum hluta svæðis er mólendi og birkikjarr en innst í firðinum eru ógrónir sandar, melhólar, votlendi og lúpína. Árósar Jökulsár á Fjöllum eru fyrir miðju svæðis. Innan svæðisins er Ásbyrgi, hamrakví sem talið er að hafi myndast við jökulhlaup. Ásbyrgi er vinsæll ferðamannastaður. Dreifð byggð er innan svæðis auk byggðakjarna við ströndina.

**6.2.5 Vopnafjörður:** Frekar breiðir dalir sem ganga upp frá Vopnafirði að hálendisbrún og jökulsorfnir hryggir skilja þá að. Land nær frá sjó upp í 200 m hæð yfir sjávarmáli. Hár fjallgarður afmarkar svæðið að austanverðu. Yfirborð er grasi gróið, mó- og votlent. Ár og lækir hlykkjast og kvíslast um dalbotna. Dreifð byggð er í inndölum auk þéttbýlisstaðar sem er við sjó innarlega í firðinum. Flatlendi er nýtt til landbúnaðar og veitt er í ám.



MYND 44 Landslagsgerð 6.2, Opnir jökulsorfnir firðir.

### 6.3 Breiðir firðir milli hárra fjalla

Nokkuð þéttbýlir firðir með inndölum sem teygja sig milli hárra fjalla, upp á háheiðar. Undirlendi er allmikið og gróið. Þar er dreifð byggð og stundaður landbúnaður.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Breiðir firðir með allmiklu undirlendi.
- Vogskornar strendur.
- Láglandir inndalir ganga inn í landið frá strönd.
- Há fjöll ganga upp frá undirlendi.
- Stór og í einhverjum tilfellum gróf landform.
- Land í 0 til 1.000 m hæð yfir sjávarmáli.

##### Yfirborð lands:

- Grýttar eða sendnar strendur.
- Gras eða votlendi á láglandi og víða birkikjarr í inndölum. Hluti svæða er ræktað land.
- Mólendi neðst í fjallshlíðum, skriður og klettur efst.
- Grýttir melar á fjallstoppum.
- Ár og lækir falla til sjávar.

##### Landnýting:

- Dreifbýli með talsverðri byggð.
- Landbúnaður er stundaður þar sem undirlendi er nægjanlegt.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir yfir og út eftir fjörðum og inndölum. Há fjöll afmarka láglandi og þ.m.t. sjónlengdir.
- Útsýni aðallega yfir fjörð eða út á sjó.
- Talsverð sjónræn fjölbreytni í landformum og yfirborði lands.




MYND 45 a Botnsdalur, Hvalfirði. Ljós. Örn Óskarsson. b Hvalfjarðarsveit. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.

## Svæði

**6.3.1 Hvalfjarðarsveit og Kjós:** Fjörður á Vesturlandi, auk inndala, nálægra sveita og fjalllendisins í kring. Land nær frá sjó upp í rúmlega 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Há fjöll afmarka fjörðinn og inn á milli fjalla ganga dalir. Láglandi er að mestu grasi gróið eða votlent og inndalir eru kjarri vaxnir. Bröttustu fjallshlíðar eru skriðular með klettum efst. Yfirborð fjallendis er lítt gróið eða mosavaxið. Ár og lækir í dalbotnum. Hæsti foss landsins, Glymur, er innst í firðinum. Byggð er mikil en dreifð á láglandi auk þéttbýlisstaðar yst á nesi. Landbúnaður er stundaður á svæðinu auk þess sem svæðið er mikið nýtt til útivistar og frístunda.

**6.3.2 Skarðsströnd, Gilsfjörður að Reykhólum:** Strendur við Breiðafjörð á norðvestanverðu landinu, auk fjallendis ofan strandar. Opnir firðir ganga inn í landið og minni inndalir skera fjallendi. Land nær frá sjó upp í um 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Undirlendi er takmarkað en yfirborð þess er grasi gróið. Víða er birkikjarr í inndölum. Hærra land er mó- eða votlent. Byggð er strjál utan minni byggðakjarna. Landbúnaður er lítill og takmarkast við undirlendi í inndölum.



MYND 46 Landslagsgerð 6.3, Breiðir firðir milli hárra fjalla.



## 6.4 Innfirðir með lágheiðum

Opnir firðir sem ganga inn af stærri fjörðum. Mó- og votlent land rís aflíðandi frá ströndum, upp á lágheiðar.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Opnir firðir sem ganga inn af stærri fjörðum og flóum.
- Láglandi við strendur sem teygir sig aflíðandi upp á lágheiðar.
- Flatt eða ávalt landform, mjúkar línur.
- Land í 0 til 400 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:


- Mó- og votlendi, að hluta til kjarrivaxið.
- Mosavaxnir melar ofan heiða.
- Minni vötn á heiðum. Ár og lækir falla til sjávar.

#### Landnýting:

- Dreifð byggð meðfram ströndum og þéttbýlisstaðir/byggðakjarnar innan fjarða.
- Landbúnaður stundaður á láglandi.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Nokkuð víðsýnt og langar sjónlengdir út á haf.
- Útsýni yfir firði og út á sjó.
- Einsleitni í landformum og litbrigðum.



**MYND 47** a Gauksmýri í Húnaþingi vestra. Ljós. Örn Óskarsson. b Langidalur, innst í Ísafjarðardjúpi. c Ísafjörður, innst í Ísafjarðardjúpi. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.


## Svæði

**6.4.1 Hvammsfjörður:** Fjörður sem gengur inn úr Breiðafirði á vestanverðu landinu. Land rís aflíðandi frá sjó upp á lágheiðar í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er að mestu votlendi, mosi eða melar, auk þess sem birkiskógar þekja hluta svæðis. Innst í firðinum er þéttbýlisstaður en þess utan er byggð strjál. Land er að hluta til nýtt til landbúnaðar.

**6.4.2 Vesturströnd Húnaflóa, frá Bitrufirði að Bjarnarfirði:** Strendur og lágur heiðar við vestanverðan Húnaflóa. Minni firðir ganga inn í landið og inn af fjörðum eru dalir. Milli fjarða liggja lágir hryggir. Land nær hæst um 400 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er að mestu mó- og votlent, en ofan hryggja eru mosavaxnir melar. Nokkrar ár og lækir renna til sjávar. Við ströndina er þéttbýlisstaður. Þess utan er byggð lítil og takmarkast við inndali þar sem undirlendi er nýtt til landbúnaðar.

**6.4.3 Langadalströnd og Ísafjörður að Mjóafirði:** Strendur og firðir innst í Ísafjarðardjúpi á Vestfjörðum. Grunnir dalir ganga inn frá ströndinni. Land nær frá sjó upp að heiðum, ofan fjarðanna, í um 400 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er að mestu mó- og votlent eða vaxið birkikjarri. Efst eru melar. Nokkrar ár og lækir renna til sjávar. Byggð er lítil og dreifð meðfram ströndinni og í inndölum.

**6.4.4 Hrutafjörður og Miðfjörður:** Lágur heiðar og dalir sem ganga upp frá strönd Hrutafjarðar og Miðfjarðar á norðanverðu landinu. Land nær hæst um 400 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er ávalt og yfirborð að mestu mó- og votlent, auk þess sem ræktað land er meðfram ströndinni og inn eftir dölum. Á heiðum er fjöldi smærri vatna í lægðum og ár og lækir renna í átt til sjávar. Byggð er dreifð og takmarkast við strönd og dali. Minni þéttbýlisstaður og byggðakjarnar eru innan svæðisins .



MYND 48 Landslagsgerð 6.4, Innfirðir með lágheiðum.

## 6.5 Fjarðarhásléttur

Flatar eða öldóttar heiðar ofan fjarða. Grýttar og gróðurlitlar en með fjölda smárra stöðuvatna. Frá jöðrum hásléttanna er útsýni er yfir firði og út á sjó.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Heiðar fyrir ofan og á milli fjarða.
- Flatt eða ávalt landform, grófgert.
- Land í um 400 til 1.200 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Aðallega lítt grónir melar.
- Lítt gróið, gróðurþekja minnkar með hæð.
- Stórgrýtt.
- Fjöldi smærri vatna, ár/lækir og fossar í giljum.

#### Landnýting:

- Engin byggð
- Stöku fjallvegir milli byggðarlaga.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Nokkuð langar sjónlengdir, en styttri þar sem grófgerð landform og hæðir eru til staðar.
- Frá jöðrum hásléttanna er útsýni yfir firði og út á sjó.
- Einsleitni í gróðurfari og litbrigðum sem þó eru brotin upp af vötnum, ám og lækjum.




MYND 49 a Öxi, Snæfell í bakgrunni. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson. b Dynjandisheiði. c Dynjandisheiði, séð yfir Arnarfjörð. Ljós. Örn Óskarsson.

## Svæði

**6.5.1 Gláma og aðrar aðliggjandi heiðar:** Stórgrýttar heiðar á sunnanverðum Vestfjörðum í 400 til 900 m hæð yfir sjávarmáli. Ávalt landform eða öldótt. Ógrónir eða lítt grónir melar. Fjöldi smárra vatna í lægðum. Byggð er engin en heiðarvegir liggja milli fjarða.

**6.5.2 Ófeigsfjarðarheiði og aðrar aðliggjandi heiðar:** Stórgrýttar heiðar sunnan Drangajökuls á Vestfjörðum í 400 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Ávalt eða öldótt landform. Ógrónir eða lítt grónir melar. Fjöldi smárra vatna í lægðum. Byggð er engin innan svæðisins.

**6.5.3 Öxi og Hraun:** Heiðar á Austurlandi. Afmarkast af fjörðum í austri og Fljótsdal í vestri. Land er í um 400 til 1.200 m hæð yfir sjávarmáli. Ógrónir grýttir melar þekja stóran hluta yfirborðs, en í jaðri svæðisins til norðurs er rakt og mosagróið land. Byggð er engin en um svæðið liggur vegur.



MYND 50 Landslagsgerð 6.5, Fjarðarhásléttur.



7.


Strandsvæði

## 7 STRANDSVÆÐI

Lágland svæði sem ná að ströndum landsins auk eyja og eyjaklasa. Land rís aflíðandi upp frá ströndum og landform er nokkuð flatt eða ávalt. Einstaka stök fjöll eða hryggi má þó finna innan svæða. Almennt er yfirborð gróið og nýtt til landbúnaðar, en getur verið lítt gróið og grýtt. Jökulsandar sem liggja meðfram suðurströnd landsins eru að mestu gróðursnauðir. Byggð er mismikil milli svæða, frá óbyggðum til þéttbýlla svæða. Úti fyrir ströndum eru eyjar og eyjaklasar sem falla undir þennan flokk.

Landslagsgerðir sem falla undir yfirflokkinn *Strandsvæði* eru:

- 7.1 Graslandar sléttur við strendur
- 7.2 Lágheiðar við strendur
- 7.3 Byggð strandlengja með inndölum
- 7.4 Þéttbýlissvæði
- 7.5 Jökulsandar
- 7.6 Eyjar, drangar og sker



MYND 51 Strandsvæði.

## 7.1 Graslandar sléttur við strendur

Flatlend landbúnaðarsvæði við strendur landsins, þar sem stórar og minni ár renna til sjávar. Nokkuð þétt byggð í dreifbýli auk minni og stærri þéttbýlisstaða.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Að mestu flatlent, en stöku holt og hæðir.
- Víðfeðmt.
- Land hækkar aflíðandi frá strönd.
- Láglandi í 0 til 350 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Gróin svæði með graslandi, mólendi og votlendi.
- Stór hluti svæða er ræktað land og land ræst fram.
- Sendnar strendur.
- Stórar og minni ár, breiðir árósar við strönd, og eitthvað af smærri vötnum.

#### Landnýting:

- Þéttbýlt, bæði dreifð byggð og þéttbýlisstaðir/byggðakjarnar.
- Landbúnaðarland og víða gert út á ferðaþjónustu.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir og mikil víðsýni.
- Útsýni yfir haf næst strönd.
- Í bakgrunni sjást hærri fjöll og jöklar þegar horft er inn til landsins sem get sett mikinn svip á landslagið.



MYND 52 a Ölfusá og undirlendi Suðurlands. b Undirlendi Suðurlands. c Undirlendi Eyjafjalla, Eyjafjallajökull í bakgrunni. d Flóinn við ósa Ölfusár. Ljós. Örn Óskarsson.

## Svæði

**7.1.1 Borgarfjörður og Mýrar:** Láglandi á vesturhluta landsins. Land nær frá sjó upp í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er mjög votlent en inn á milli eru stórgrýttir ásar, stöku melhólar og kjarrlendi ofar í landi. Hluti svæðis er ræktað land. Fjöldi smærri vatna er innan svæðis og í Borgarfirði rennur jökuláin Hvítá til sjávar. Fjöldi eyja og skerja eru úti fyrir ströndinni. Dreifð byggð bæja og víða þétt sumarhúsbbyggð er innan svæðis auk þess sem þéttbýlisstaðurinn Borgarnes er við ósa Hvítár.

**7.1.2 Sunnanvert Snæfellsnes:** Láglandi á sunnanverðu Snæfellsnesi. Land nær frá strönd upp í um 150 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er nokkuð gróið, mólendi eða votlendi. Inn á milli er lágt kjarr og stöku melar, auk gróinna hrauna. Nokkur smærri vötn eru innan svæðis. Byggð er dreifð. Talsverð ferðapjónusta er á svæðinu.


**7.1.3 Húna fjörður:** Láglandi upp af strönd Húna fjörðar. Land nær frá sjó upp í um 250 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er að mestu mólendi eða votlendi, auk ræktaðs lands. Nokkur stærri vötn eru nærri sjó og er Hópið þeirra stærst. Ár og lækir renna í vötnin auk þess sem Blanda rennur til sjávar. Dreifð byggð er á láglandi auk þéttbýlisstaðavið ströndina. Veitt er í ám og vötnum.

**7.1.4 Jökulsárhlið, Hróarstunga, Hjaltastaðarþinghá:** Láglandi upp af strönd Héraðsflóa. Land er í um 5 til 150 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er fremur flatt en jökulsorfnir ásar liggja í átt að strönd. Yfirborð er votlendi eða mólendi og hluti svæðis er ræktað land. Fjöldi smærri vatna er í lægðum milli ása og um svæðið renna jökulár, Lagarfljót og Jökulsá á Dal. Dreifð byggð er á svæðinu.

**7.1.5 Hornafjörður:** Láglandi upp af strönd Hornafjarðar. Land nær frá strönd upp í um 100 m hæð yfir sjávarmáli, að rótum fjalla og skriðjökla sem ganga suður úr Vatnajökli. Yfirborð er mólendi eða ræktað land. Nokkrar jökulár renna til sjávar á svæðinu og eru áraur þeirra nokkuð víðfeðmir. Við ósa ána eru leirur. Dreifð byggð er á láglandi, auk þéttbýlisstaðar við ströndina.

**7.1.6 Undirlendi Eyjafjalla og Mýrdals:** Undirlendi við rætur Eyjafjalla og í Mýrdal, nær frá strönd upp í um 350 m hæð yfir sjávarmáli. Fjalllendi syðst á svæðinu rís þó hærra og hæstu fjöll allt að 500 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er graslendi eða ræktað land. Ár og lækir renna frá fjöllum og falla í fossum niður á undirlendið. Innan svæðis er fremur þétt byggð í dreifbýli auk þéttbýlisstaðar. Landbúnaður er stundaður á svæðinu.

**7.1.7 Suðurlandsundirlendið:** Víðáttumikið lágland við suðurströnd landsins. Land nær frá strönd upp í um 100 m hæð yfir sjávarmáli. Yfirborð er vel gróið, mest graslendi, ræktað land eða votlendi. Nokkrar stórar ár renna til sjávar á svæðinu. Má þar helst nefna Þjórsá og Ölfusá. Byggð er þétt í dreifbýli, auk þess sem þónokkrir misstórir þéttbýlisstaðir eru innan svæðis, bæði við ströndina og innar í landi. Selfoss er þeirra fjölmennastur. Mikill landbúnaður er stundaður á svæðinu og hefur land verið ræst fram og girt af.



MYND 53 Landslagsgerð 7.1, Graslandar sléttur við strendur.



## 7.2 Lágheiðar við strendur

Láglendi á annesjum. Land rís aflíðandi frá strönd upp á lággar, misgrónar heiðar. Byggð er lítil, aðallega sjávarþorp.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Láglendi við strönd sem teygja sig upp á lággar heiðar.
- Svæði eru á annesjum.
- Flatt eða ávalt landform, mjúkar línur.
- Einstaka fjöll.
- Láglendi í 0 til 350 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Gróðurþekja er breytileg, að mestu mó- og votlendi.
- Á hluta svæða eru lítt grónir og grýttir melar.
- Fjöldi smærri vatna í lægðum.

#### Landnýting:

- Lítil byggð, aðallega meðfram ströndum.
- Þéttbýlisstaðir/byggðakjarnar, sjávarþorp.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Nokkuð langar sjónlengdir og mikil víðsýni.
- Útsýni út á haf frá ströndinni.
- Þegar horft er inn til lands getur sést til fjalla í bakgrunni eða þá að lágheiðar ná að mörkum sjóndeildarhrings.



MYND 54 a Pistilfjörður. b Skálar, Langanesi. Ljós. Örn Óskarsson. c Hólaheiði. d Hólaheiði. Ljós. Árni Sveinn Sigurðsson.


## Svæði

**7.2.1 Miðnesheiði:** Lágrent nes vestast á Reykjanesi. Land nær frá sjó upp í um 50 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er flatt og yfirborð mjög þurrt, fremur lítt gróið og grýtt með melum, mólendi og mosa. Við ströndina eru nokkrir misstórir þéttbýlisstaðir, Keflavík og Njarðvík þeirra fjölmennastir, og fyrir miðri heiðinni er Keflavíkflugvöllur, stærsti flugvöllur landsins. Á árunum 1951 til 2006 var herstöð Bandaríkjahers og Atlandshafsbandalagsins einnig á heiðinni.

**7.2.2 Skagi:** Strendur og lágar heiðar á Skaga milli Húnaflóa og Skagafjarðar. Land nær frá sjó upp í um 200 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er ávalt með ásum. Yfirborð er votlent eða mólent og fremur stórgrýtt. Ofan ásanna eru mosavaxnir melar. Fjöldi vatna er í lægðum. Byggð er lítil og takmarkast við strönd. Veitt er í vötnum.

**7.2.3 Melrakkaslétta:** Láglandi og lágar heiðar á milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Land nær frá strönd upp í rúmlega 200 m hæð yfir sjávarmáli. Landform er fremur flatt eða ávalt. Nokkur munur er á austur- og vesturhluta sléttunnar. Vestanverð Melrakkaslétta er mjög þurr og þar eru nánast engin vötn, ár eða lækir. Samfelld gróið mólendi þekur yfirborð. Austanverð Melrakkaslétta er hins vegar votlend og með fjölda smærri vatna í lægðum. Syðst á svæðinu er gróið hraun. Byggð er lítil og takmarkast við strönd. Minni byggðakjarni er við ströndina.

**7.2.4 Langanes og Langanesströnd:** Nes og lágar heiðar sem ganga upp af strönd Þistilfjarðar og Bakkaflóa. Land nær frá sjó upp í um 350 m hæð yfir sjávarmáli. Nokkur fjöll stand hærra og rís Gunnólfsvíkurfjall þar hæst, rúma 700 m upp frá strönd Finnaflóa. Landform er ávalt og yfirborð mólent með votlendi í lægðum. Inn á milli eru melar. Nokkrar ár og lækir renna til sjávar. Við ströndina eru minni þéttbýlisstaðir auk nokkurra bæja í dreifbýli.



MYND 55 Landslagsgerð 7.2, Lágheiðar við strendur.

### 7.3 Byggð strandlengja með inndölum

Mjóar vogskornar strendur eða grunnir firðir neðan fjallendis. Leirur og sjávarlón við ströndina. Sjávarþorp eða stakir bæir í dreifbýli.

#### Einkenni landslags

##### Landform og landhæð:

- Láglandar mjóar strendur sem liggja upp að fjalllendi.
- Flatt land en stök fjöll/fjalllendi við sjó.
- Grunnir firðir og víkur.
- Eyjar og sker úti fyrir ströndum.
- Land í 0 til 200 m hæð yfir sjávarmáli. Stök fjöll standa hærra.

##### Yfirborð lands:

- Mólendi og votlendi á láglandi, auk ræktaðs lands.
- Grýttar urðarhlíðar fjalla, klettur efst.
- Strendur eru sendnar og leirur úti fyrir ströndum.
- Sjávarlón, vötn nærri strönd og ár sem renna eftir dalbotnum til sjávar.

##### Landnýting:

- Minni þéttbýlisstaðir við strönd, sjávarþorp, einstaka bæir í dreifbýli.
- Sjávarþorp.

##### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir út á sjó, stuttar inn til lands vegna fjalla.
- Sjónræn fjölbreytni hvað varðar landform og áferð yfirborðs.




MYND 56 a Grundarfjörður. b Hvalneskriður. Ljós. Örn Óskarsson. c Hof í Álftafirði. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.

## Svæði

**7.3.1 Norðanvert Snæfellsnes:** Norðurströnd Snæfellsness. Land nær frá sjó upp í um 200 m hæð yfir sjávarmáli. Nokkur stök fjöll standa þó hærra, hæstu í um 500 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Firðir og víkur einkenna strandlengjuna og meðfram ströndinni eru leirur. Úti fyrir ströndinni eru eyjar og sker. Inn af ströndinni ganga grunnir dalir. Yfirborð lands er að mestu mólendi eða mosi. Brattar hlíðar fjalla eru lítt grónar skriður eða klettur. Eftir dalbotnum renna smærri ár og lækir til sjávar og við ströndina er eitthvað af vötnum. Nokkrir þéttbýlisstaðir eru við ströndina og er Stykkishólmur þeirra fjölmennastur. Við Grundarfjörð stendur fjallið Kirkjufell. Sérkennileg afgerandi lögun fjallsins og umhverfi þess dregur að fjölda ferðamanna.

**7.3.2 Lón, Álftafjörður og Hamarsfjörður að Djúpavogi:** Sunnanverðir Austfirðir, frá Vestrahorni að Berufirði. Land nær frá sjó upp í um 150 m hæð yfir sjávarmáli. Grunnir firðir eða breiðar víkur einkenna ströndina. Fyrir firðina ganga sandrif og inn af fjörðum eru leirur, sendnar strendur og sjávarlón. Úti fyrir ströndum eru nokkrar eyjar og sker, t.d. Papey. Mjóir dalir ganga inn af ströndum milli brattrra fjalla. Yfirborð er votlendi, mólendi eða mosi, og vaxið kjarri í inndölum. Jökulsá í Lóni rennur frá Vatnajökli til sjávar. Dreifð byggð er á svæðinu, auk þéttbýlisstaðar.



MYND 57 Landslagsgerð 7.3, Byggð strandlengja með inndölum.

## 7.4 Þéttbýlissvæði

Samfelld, þétt og fjölbreytt byggð á flötu eða hæðóttu landi við vogskornar strendur.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Flatlent eða hæðótt land við strönd.
- Vogskorin strandlengja.
- Nokkuð víðfeðmt og hrjúft landform.
- Endurtekin form á mismunandi skala.
- Láglandi í 0 til 150 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Manngert.
- Misgróið og ósamfellt gras- eða skóglendi, helst í jaðri svæðis.
- Litríkt.
- Skarpar línur.
- Einhverjar smærri ár og lækir renna um óbyggð svæði.

#### Landnýting:

- Mjög þéttbýlt, fjölbreyttar byggingar.
- Net vega og stíga.
- Hávöxnum trjátegundum hefur víða verið plantað.

#### Sjónrænir eiginleikar:


- Almennt stuttar sjónlengdir nema ofan af hærri hæðum eða úr hærri byggingum.
- Af hærri hæðum og úr hærri byggingum er útsýni út á haf og til fjalla.



**MYND 58** a Reykjavík, séð frá Öskjuhlíð. Ljósmynd: Örn Óskarsson b Reykjavík, Skerfajörður og Reykjavíkflugvöllur í forgrunni. c Reykjavík, Borgartún. d Miðborg Reykjavíkur. e Urriðaholt í Garðabæ, Urriðakortsvatn í forgrunni. f Reykjavík, Miklabraut og Háaleiti. Heimild: EFLA verkfræðistofa.

## Svæði

**7.4.1 Höfuðborgarsvæðið:** Þéttbýlt svæði við strendur Faxaflóa. Land nær frá sjó upp í um 150 m hæð yfir sjávarmáli. Strandlengjan er vogskorin. Landformið er flatt við strendur en hæðótt þegar kemur innar í landið. Samfelld byggð er á svæðinu með þétu gatnakerfi. Almennt er eldri hluti byggðarinnar lægri og lengra milli bygginga en í yngri hluti byggðarinnar eru byggingar hærrí og þéttari. Síðari ár hefur þétting byggðar þó breytt þessu mynstri. Milli bygginga er í einhverjum tilfellum grasi gróin svæði, tré og runnar. Gróður er meira áberandi í eldri hluta byggðarinnar. Í jaðri svæðisins er skóglendi og ræktað land.



MYND 59 Landslagsgerð 7.4, þéttbýlissvæði.

## 7.5 Jökulsandar

Sandar við strendur þar sem jökulár renna til sjávar. Flatlend og opin svæði þar sem rof er mikið og gróður mjög takmarkaður. Óbyggð svæði.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Flatir sandar við sjó, neðan jökla eða við ósa jökuláa.
- Víðáttumikið.
- Mjúkar línur.
- Sandarnir hafa myndast eða er viðhaldið vegna framburðar jökuláa.
- Láglandi í 0 til 150 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Fínni sandur, blandaður leir nær sjó en grófari inn til landsins.
- Takmarkaður gróður og mikið rof vegna framburðar jökuláa og vegna þess hve berskjaldaðir sandarnir eru fyrir veðri og vindum.
- Samfelldir og einsleitir sandar.
- Jökulár kvíslast í óreglulegum og dreifðum farvegum, flæmast víða nema gerðir séu varnargarðar.

#### Landnýting:

- Óbyggð svæði.
- Vegir og brýr.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir og mikil víðsýni.
- Útsýni út á haf og til fjalla eða jökla inn til landsins.
- Lítil sjónræn fjölbreytni nema þar sem gróður hefur náð fótfestu.



MYND 60 a Dyrhólafjara. b Mýrdalssandur. c Sólheimasandur. d Skeiðarársandur. Ljósmynd Örn Óskarsson.

## Svæði

**7.5.1 Héraðssandur:** Strendur meðfram Héraðsflóa á austanverðu landinu. Land hækkar lítillega frá sjávarmáli. Landform er flatt og yfirborð ógróið eða vaxið melgresi. Næst landi eru leirur. Breiðir árósar Jökulsár á Dal og Lagarfljóts eru fyrir miðjum sandinum. Byggð er engin og engir vegir liggja um sandinn.


**7.5.2 Breiðamerkursandur:** Sandur sem nær frá rótum Breiðamerkurjökuls, einum af skriðjöklunum sem ganga suður frá Vatnajökli, og niður að sjó. Land hækkar lítillega frá sjávarmáli og nær ekki meira en 50 m hæð. Landform er flatt og grófur sandur þekur yfirborð sem er að hluta til mosavaxið. Minni jökulár og lækir renna um sandana. Við rætur Breiðamerkurjökuls er Jökulsárlón. Lónið nær langleiðina til sjávar en síðasta spölinn rennur Jökulsá á Breiðamerkursandi. Byggð er engin innan svæðisins en um það liggur þjóðvegur. Jökulsárlón er einn af vinsælli ferðamannastöðum landsins.

**7.5.3 Skeiðarársandur:** Mjög víðfeðmur sandur við suðurströnd landsins. Sandurinn nær frá sporði Skeiðarárjökuls, einum af stærri skriðjöklunum sem ganga suður frá Vatnajökli, og niður að sjó. Hæst er land um 100 m yfir sjávarmáli. Landform er mjög flatt og yfirborð fremur lítt gróið, grýtt næst jökli en með finni sandefnum við strönd. Síðari ár hefur birki breitt talsvert úr sér á sandinum. Stórar jökulár kvíslast um sandinn. Áður fyrr voru árnar miklir farartálmar. Byggð er engin á sandinum en um hann liggur þjóðvegur.

**7.5.4 Meðallandssandur og sandar sunnan Kirkjubæjarklausturs:** Sandsvæði sem liggur meðfram suðurströnd landsins, austan Mýrdalssands. Breiðir árósar jökuláa afmarka svæðið. Land hækkar lítillega frá sjávarmáli og nær ekki meira en 50 m hæð. Landform er flatt og yfirborð þakið finum svörtum sandi með stöku melgresishólum. Byggð er engin á söndunum.

**7.5.5 Mýrdalssandur:** Nokkuð víðfeðmur sandur sem nær frá austanverðum Mýrdalsjökli að sjó. Hæst er land um 150 m yfir sjávarmáli. Landform er flatt og yfirborð að mestu sendið. Um langt árabíl hefur verið stunduð uppgræðsla á Mýrdalssandi til að hefta sandfok, einkum næst þjóðveginum. Þar má nú sjá breiður af lúpínu og eitthvað af melgresi. Innar á sandinum eru mólendisflákar og einstaka hraunlendi. Um sandinn kvíslast jökulá auk nokkurra smærri áa og lækja sem renna undan Mýrdalsjökli. Byggð er engin á sandinum en um hann liggur þjóðvegur.

**7.5.6 Sandar á Suðurlandi, frá Stokkseyri að Dyrhólaey:** Fremur mjó strandlengja meðfram suðurströnd landsins. Skógasandur og Sólheimasandur ná lengra inn í land, að rótum Eyjafjalla. Land hækkar aðeins lítillega frá sjávarmáli og nær ekki meira en 50 m hæð. Landform er flatt eða öldótt og yfirborð að mestu ógrónir sandar eða eyrar. Rof er mjög mikið. Eitthvað vex þó af melgresi og á Skógasandi og Sólheimasandi hefur verið unnið að uppgræðslu og þekur lúpína stór svæði. Árósar nokkurra stærri og minni jökuláa eru á söndunum. Byggð er engin á söndunum, en vestan ósa Markarfljóts er Landeyjahöfn, þaðan sem siglt er til Vestmannaeyja. Á Sólheimasandi er gamalt flugvélaflak sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna.



MYND 61 Landslagsgerð 7.5, Jökulsandar.



## 7.6 Eyjar, drangar og sker

Eyjar og sker úti fyrir ströndum. Lág björg eða klappir næst sjó en grónir grasbalar inn til lands. Byggð á nokkrum stærri eyjum.

### Einkenni landslags

#### Landform og landhæð:

- Eyjar, drangar og sker í allt að 40 km fjarlægð frá strönd landsins.
- Ávalar eða fjallendar.
- Brimsorfnir klettur og björg næst sjó.
- Land í 0 til 250 m hæð yfir sjávarmáli.

#### Yfirborð lands:

- Grasi gróið, grænt að sjá.
- Samfelld graslendi.
- Grófir klettur og björg við sjó.
- Nútímahraun finnast á eyjum innan eldvirka beltisins (Vestmannaeyjum).

#### Landnýting:

- Föst búseta er á nokkrum stærri eyjunum, dreifbýli og þéttbýli.
- Á smærri eyjum takmarkast byggð af fáeinum húsum, byggð hefur lagst af, eða að búseta er engin.

#### Sjónrænir eiginleikar:

- Langar sjónlengdir og mikil víðsýni.
- Útsýni út á haf eða upp á land.
- Fjöll sjást í bakgrunni.



**MYND 62** a Eyjarnar á Breiðafirði. Ljós. Örn Óskarsson. b Dímonarklakkur á Breiðafirði. c Rifgirðingar á Breiðafirði. Ljós. Sigurjón Páll Ísaksson.


## Svæði

**7.6.1 Breiðafjörður:** Fjöldi eyja, hólma og skerja á Breiðafirði við vesturströnd landsins. Eyjarnar eru taldar vera hátt í 3000 talsins. Fjöldi þeirra er þó breytilegur eftir sjávarstöðu. Margar þeirra mynda klasa. Eyjarnar eru flatlendar með grýttum fjörum eða klettum næst sjó. Yfirborð er víða grasi gróið eða votlent á stærri eyjum. Fyrr á öldum var byggð í mörgum eyjanna en nú er aðeins búið í Flatey.

**7.6.2 Hrísey:** Önnur stærsta eyja landsins, um 8 km<sup>2</sup> að stærð, í miðjum Eyjafirði við norðurströnd landsins. Landform er ávalt og hæst rís eyjan rúmlega 100 m yfir sjávarmál. Fjörur eru grýttar með lágum björgum. Yfirborð lands er gróið og að mestu mólendi. Lúpína og skógarkerfill þekja þó stór svæði á norðurhluta eyjunnar. Lítil byggðakjarni er sunnan til á eyinni. Fuglalíf er mikið.

**7.6.3 Grímsey:** Eyja um 40 km norður af landinu. Landform er ávalt og hæst rís eyjan rúmlega 100 m yfir sjávarmál. Fjörur eru grýttar með björgum og yfirborð lands að mestu grasi gróið eða mólent. Byggð er meðfram vesturströnd eyjunnar.

**7.6.4 Vestmannaeyjar:** Eyjaklasi um 10 km suður af landinu sem samanstendur af um 45 eyjum, skerjum og dröngum. Eyjarnar rísa um 100 til 250 m upp frá sjó. Brött björg eða klettur eru næst sjó en yfirborð er grasi gróið. Heimaey er stærsta eyjan, rúmir 13 km<sup>2</sup> að stærð og eina byggða eyjan, með meðalstórum þéttbýlisstaðar. Í Heimaey gaus árið 1973 og þar setur eldfjallið Eldfell auk ungrar hraunbreiðu svip sinn á landslagið. Syðsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanum og jafnframt sú yngsta er Surtsey, en eyjan varð til í neðansjávargosi á árunum 1963 til 1967.



MYND 63 Landslagsgerð 7.6, Eyjar, drangar og sker.

## HEIMILDASKRÁ

- [1] Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson, Karen Pálssdóttir, „Íslenskt landslag: Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni,“ Orkustofnun, Reykjavík, 2010.
- [2] Hubertus Preusser, „The Landscapes of Iceland: types and regions,“ The Hague, 1976.
- [3] Council of Europe, „European Landscape Convention. Þýtt af Félagi íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA),“ Council of Europe, Florence, 2000.
- [4] Christine Tudor, Natural England, „An Approach to Landscape Character Assessment,“ Natural England, 2014.
- [5] Landmælingar Íslands, „Landhæð, landupplýsingar,“ 2020.
- [6] Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj., „Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.,“ 2016.
- [7] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Jarðfræði Íslandi. <http://jardfraedikort.ni.is>,“ 2019.
- [8] Ólafur Arnalds, Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ásgeir Jónsson, Einar Grétarsson, Arnór Árnason, „Jarðvegsrof á Íslandi,“ Landgræðsla ríkisins, 1997.
- [9] Landmælingar Íslands, „Kortlögð ár og vötn, landupplýsingar,“ Reykjavík.
- [10] Landmælingar Íslands, „Mannvirki, kortlögð mannvirki og þéttbýli á Íslandi, landupplýsingar,“ Reykjavík.
- [11] Nordic Adventure Travel, „nat.is, [https://www.nat.is/ferdavefur\\_ferdaheimur.htm](https://www.nat.is/ferdavefur_ferdaheimur.htm)“.
- [12] Ferðamálastofa, „Ferðalag.is, <https://www.ferdalag.is/is>“.
- [13] Minjastofnun Íslands, „Minjavefsja, <https://www.map.is/minjastofnun/>,“ 2020.
- [14] Umhverfisstofnun, „Náttúra, <https://ust.is/nattura/>“.
- [15] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vatnajökulspjóðgarður, <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is>“.
- [16] Land Use Consultants Ltd, „Greater Manchester Landscape Character and Sensitivity Assessment,“ 2018.
- [17] Land Use Consultants Ltd, „Wirral Landscape Character Assessment 2019,“ 2019.
- [18] Land Use Consultants Ltd, „Seascape assessments for North East, North West, South East, South West marine plan areas (MMO1134),“ Marine Management Organisation, 2018.

## FORSÍÐUMYNDIR

Forsíða: Af Nyrðri Hnauk á Skaftafellsheiði, horft yfir Morsáraura. Ljós. Gréta Hlín Sveinsdóttir.

Yfirflokkur 1. Jöklar. Ljós. Shutterstock.

Yfirflokkur 2. Fjalllendi: Dyrfjöll. Ljós. Gréta Hlín Sveinsdóttir.

Yfirflokkur 3. Hásléttur: Kaldidalur. Ljós. Örn Óskarsson.

Yfirflokkur 4. Virk/ung eldfjallasvæði: Torfajökulssvæðið. Ljós. Örn Óskarsson.

Yfirflokkur 5. Undirlendi og inndalir: Borgarfjörður. Ljós. Gréta Hlín Sveinsdóttir.

Yfirflokkur 6. Firðir og fjarðarheiðar: Af Gelti, horft yfir Súgandafjörð og Keravík. Ljós. Gréta Hlín Sveinsdóttir.

Yfirflokkur 7. Strandsvæði: Arnardrangur og Reynisfjara. Ljós. Shutterstock.


Viðaukar: Ljós. Shutterstock.




**Viðaukar**

## VIÐAUKI 1


Grunnkort yfir landfræðilegar upplýsingar. Kortin sýna landhæð, landhalla, vistlendi og vistgerðir, rof, jarðvegsgerðir, byggð og vegi, friðlýst svæði og svæði sem njóta sérstakrar verndar.



Hæð (m.y.s) 51 - 100 201 - 300 401 - 500 601 - 700 801 - 900 1.001 - 1.200 1.501 - 2.000 Afmörkun landslagsgerða  
 0 - 50 101 - 200 301 - 400 501 - 600 701 - 800 901 - 1.000 1.201 - 1.500 >2.000



Heimild/grunn gögn: Landmælingar Íslands, hæðarlíkan af Íslandi




Landhalli (%)

<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#006400;"></span> 0 - 5	<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#32CD32;"></span> 5,1 - 10	<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#9ACD32;"></span> 11 - 15	<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#FFD700;"></span> 16 - 20	<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#FFD700;"></span> 21 - 30	<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#FFA500;"></span> 31 - 40	<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#FF4500;"></span> 41 - 50	<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#FF0000;"></span> 51 - 60	<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:#FF0000;"></span> 61 - 100
--	---	--	--	--	--	--	--	---


Afmörkun landslagsgerða

0 25 50 75 100 km

Heimild/grunn gögn: Landmælingar Íslands, hæðarlíkan af Íslandi





















- |                         |                        |                                 |                   |                           |                          |                           |
|-------------------------|------------------------|---------------------------------|-------------------|---------------------------|--------------------------|---------------------------|
| Afmörkun landslagsgerða | Viðikjarrvist          | Jöklar og urðarjöklar           | Auravist          | Strandmelhólavist         | Gulstararflóavist        | Finnungsvist              |
| Fjöruvistir             | Flagmóavist            | Þéttbýli og annað manngert land | Hélumosavist      | Grashólavist              | Rekjuvist                | Bugðupuntsvist            |
| Sjávarlón               | Starmóavist            | Tún og akurlendi                | Melagambrauvist   | Sjávarfittjungsvist       | Sandmýravist             | Snarrótarvist             |
| Eyðimelavist            | Grasmóavist            | Skógrækt                        | Hraungambrauvist  | Gulstararfittjavist       | Hrossanálarvist          | Grasengjavist             |
| Grasmelavist            | Fléttumóavist          | Alaskalúpina                    | Eyðihraunavist    | Sjávarkletta- og eyjavist | Runnamýravist á hálandi  | Língresis- og vingulsvist |
| Mosamelavist            | Fjalldrapamóavist      | Moldavist                       | Fléttuhraunavist  | Djújavist                 | Runnamýravist á láglendi | Blómgresisvist            |
| Viðimelavist            | Lyngmóavist á hálandi  | Urðarskriðuvist                 | Mosahraunavist    | Hengistararflóavist       | Rímamýravist             | Vötn og ár                |
| Sanda- og vikravist     | Lyngmóavist á láglendi | Grasviðiskriðuvist              | Lynghraunavist    | Brokflóavist              | Rústamýravist            |                           |
| Landmelhólavist         | Viðimóavist            | Ljónslappaskriðuvist            | Sandstrandarvist  | Starungsflóavist          | Starungsmýravist         |                           |
| Mosamóavist             | Birkiskógur            | Eyravist                        | Malarstrandarvist | Tjarnastararflóavist      | Stinnastararvist         |                           |




Heimild/grunnöggn: Náttúrufræðistofnun Íslands, Vistgerðir






- |  |  |   |  |   |  |   |  |   |
|--|--|---|--|---|--|---|--|---|
|  Mójörð    |  Brúnjörð |  Bergjörð  |  Mójörð-Brúnjörð  |  Brúnjörð-Svartjörð-Mójörð  |  Melajörð-Malarjörð |  Sandjörð-Bergjörð |  Vatn   |  Afmörkun landslagsgerða |
|  Svartjörð |  Sandjörð |  Vikurjörð |  Votjörð-Brúnjörð |  Brúnjörð-Svartjörð-Votjörð |  Melajörð-Sandjörð  |  Frerajörð-Votjörð |  Jökull |   |




Heimild/grunnöggn: Landmælingar Íslands, jarðvegsgerðir á Íslandi




Afmörkun landslagsgerða  
  Mikið rof  
  Fjöll  
 Mjög mikið rof  
  Talsvert rof




Heimild: Landgræðslan, Jarðvegsrofkort




- Afmörkun landslagsgerða
- Skógrækt
- Megin vegir
- Fjallvegir og slóðar
- Þéttbýli, frístundabyggð og mannvirki
- Ræktað land
- Aðrir vegir




Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands, vistgerðir á Íslandi og IS 50V gagnagrunnur Landmælinga Íslands




- Afmörkun landslagsgerða
- Hellasvæði
- Gígar og gígaraðir
- Leirur
- Vötn stærri en 1.000 m<sup>2</sup>
- Nútímahraun
- Háhitasvæði
- Votlendi
- Sjávarfitjar



Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands, Sérstök vernd 1. útgáfa



Afmörkun landslagsgerða
  B hluti: Svæði á náttúruverndaráætlun
  A hluti: Friðlýst svæði
  C hluti: Aðrar mikilvægar náttúruminjar



Heimild: Umhverfisstofnun, Friðlýst svæði, Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013 og NVA 2003

## VIÐAUKI 2

Yfirlitstafla yfir svæði hvers flokks.

	Yfirflokkur	Landslagsgerð	Svæði	Heiti	Ríkjandi landhæð	Hreyfing, landhali	Rofflokkur	Rofþekja	Ríkjandi eða lýsandi vistgerðir	Annað lýsandi
Jöklar	1	1.1	1.1.1	Langjökull	500-1350	Miðlungs hreyfing	Fjöll (jökull)	100%	Jöklar	Tvær virkar megineldstöðvar undir jökli
	1	1.1	1.1.2	Drangajökull	500-900	Miðlungs hreyfing	Fjöll (jökull)	100%	Jöklar	-
	1	1.1	1.1.3	Vatnajökull	600-2100	Miðlungs hreyfing	Fjöll (jökull)	100%	Jöklar	Sex virkar megineldstöðvar undir jökli
	1	1.1	1.1.4	Mýrdalsjökull	500-1500	Talsverð hreyfing	Fjöll (jökull)	100%	Jöklar	Virki megineldstöð undir jökli
	1	1.1	1.1.5	Eyjafjalajökull	500-1650	Mikil hreyfing	Fjöll (jökull)	100%	Jöklar	Virki megineldstöð undir jökli
	1	1.1	1.1.6	Hofsjökull	600-1750	Miðlungs hreyfing	Fjöll (jökull)	100%	Jöklar	Virki megineldstöð undir jökli
	1	1.2	1.2.1	Skriðjökull í sunnanverðum Vatnajökli	100-1000	Mikil hreyfing	Fjöll (jökull)	95%	Jöklar, skriður og klettur, melar og sandlendi, sköglendi	-
Fjalllendi	2	2.1	2.1.1	Fjallshryggir norðan Vatnajökuls	600-1800	Talsverð hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert, fjöll	90%	Melar og sandlendi	-
	2	2.1	2.1.2	Snæfelli, Þrándarjökull og Hofsjökull	0-1600	Talsverð hreyfing	Talsvert, fjöll	80%	Melar og sandlendi, jöklar	-
	2	2.2	2.2.1	Fjallendi á milli Borgarfjarðar og Dala	200-1000	Mikil hreyfing	Talsvert	40%	Melar og sandlendi, skriður og klettur, votlendi, moslendi	-
	2	2.2	2.2.2	Vatnsnesfjall	200-1000	Mikil hreyfing	Fjöll	40%	Melar og sandlendi, skriður og klettur, votlendi, moslendi	-
	2	2.2	2.2.3	Viðdalsfjall	300-1000	Mikil hreyfing	Fjöll	80%	Skriður og klettur, melar og sandlendi, moslendi	-
	2	2.2	2.2.4	Vatnsdalsfjall og Svínadalsfjall	200-1000	Mikil hreyfing	Fjöll	50%	Skriður og klettur, melar og sandlendi, votlendi, moslendi	-
	2	2.2	2.2.5	Fjallgarðurinn á Skaga	300-1200	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	65%	Skriður og klettur, votlendi moslendi	-
	2	2.2	2.2.6	Fjallgarðurinn á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda	300-1200	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	75%	Melar og sandlendi, skriður og klettur, votlendi, moslendi	-
	2	2.2	2.2.7	Tröllaskagi	300-1300	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	70%	Melar og sandlendi, skriður og klettur, jöklar	-
	2	2.2	2.2.8	Tjörnes og Lambafjöll	100-750	Talsverð hreyfing	Mikið, talsvert og fjöll	90%	Melar og sandlendi, skriður og klettur	-
	2	2.2	2.2.9	Smjörfjöll og Fagradsalfjöll, austur fyrir Sandfell	300-1250	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	50%	Melar og sandlendi, skriður og klettur	-
	2	2.3	2.3.1	Austfirðir norðan Loðmundarfjarðar	0-1100	Mikil hreyfing	Fjöll, mikið, talsvert	70%	Melar og sandlendi, klettur og skriður, ræktað land, graslendi, sköglendi og votlendi á lágendi, í dólum	Leifar megineldstöðva
2	2.3	2.3.2	Lönsöræfi	200-1200	Mikil hreyfing	Fjöll, mjög mikið, mikið talsvert	80%	Klettur og skriður, melar og sandlendi, moslendi og mólendi	Leifar megineldstöðva	
Hásléttur	3	3.1	3.1.1	Miðhálandið	500-1100	Miðlungs hreyfing	Mikið, talsvert	90%	Melar og sandlendi	-
	3	3.2	3.2.1	Hálandi kringum Langjökul og Þórisjökul	300-1000	Talsverð hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	85%	Hraun, melar og sandlendi	-
	3	3.2	3.2.2	Jökulaurar Skaftár	500-600	Lítill hreyfing	Mjög mikið, mikið	75%	Hraun, melar og sandlendi, eyrar	-
	3	3.3	3.3.1	Hólasandur	300-400	Lítill hreyfing	Mjög mikið, mikið	95%	Melar og sandlendi	-
	3	3.3	3.3.2	Jökulsá á Fjöllum, Grímsstaðir	300-500	Lítill hreyfing	Mjög mikið, mikið	90%	Melar og sandlendi, moslendi	-
	3	3.3	3.3.3	Möðrudalsöræfi	400-700	Lítill hreyfing	Mjög mikið, mikið	90%	Melar og sandlendi	-
	3	3.3	3.3.4	Fjallendi og heiðarland ofan Langanes og Langanesstrandar	300-900	Miðlungs hreyfing	Talsvert	50%	Melar og sandlendi, mólendi, votlendi	-
	3	3.3	3.3.5	Þjarnasker, Lómagnúpur, Djúpá	200-1000	Mikil hreyfing	Mikið, talsvert og fjöll	65%	Melar og sandlendi, hraun	-
	3	3.3	3.3.6	Afréttir suðvestan Kerlingarfjalla	200-900	Talsverð hreyfing	Talsvert	50%	Melar og sandlendi, mólendi, moslendi	-
	3	3.4	3.4.1	Arnarvatnsheiði, Tvídægra, Viðidalstunguheiði og Grímtunguheiði	300-900	Lítill hreyfing	Talsvert	20%	Votlendi, mólendi, moslendi, melar og sandar	-
	3	3.4	3.4.2	Guðlaugstungur og Ásgeirstungur	500-600	Lítill hreyfing	Talsvert	40%	Votlendi, mólendi, moslendi, melar og sandlendi	-
	3	3.4	3.4.3	Mývatnsheiði	200-500	Lítill hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	10%	Votlendi, mólendi	-
	3	3.4	3.4.4	Jökuldalsheiði og Vopnafjarðarheiði	> 400	Miðlungs hreyfing	Mikið, talsvert	50%	Votlendi, mólendi, melar og sandar	-
3	3.4	3.4.5	Fjótisdalsheiði, Fellaheiði og Vesturöræfi	> 400	Lítill hreyfing	Talsvert	10%	Votlendi, mólendi	-	
3	3.4	3.4.6	Síðafréttur	200-800	Talsverð hreyfing	Mikið, talsvert	40%	Votlendi, moslendi, hraun	-	
3	3.4	3.4.7	Þjórsárvær	550-650	Lítill hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	75%	Melar og sandar, votlendi og vatn	-	
Ung/virk eidd/fjalasvæði	4	4.1	4.1.1	Krýsuvíkarsvæðið	50-300	Talsverð hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	50%	Hraun, Melar- og sandlendi	Virki megineldstöð og háhitasvæði
	4	4.1	4.1.2	Krafla og Þeistareykir	300-800	Miðlungs hreyfing	Mikið, talsvert	45%	Mólendi, hraun	Virki megineldstöð og 4 háhitasvæði
	4	4.1	4.1.3	Vónarskarð og Tungnafellsjökull	> 800	Talsverð hreyfing	Mikið, talsvert	80%	Melar og sandlendi, jökull	Virki megineldstöð og háhitasvæði
	4	4.1	4.1.4	Kverkfjöll	> 700	Mikil hreyfing	Mjög mikið, mikið, fjöll	95%	Melar og sandlendi, jökull, skriður og klettur	Virki megineldstöð og háhitasvæði
	4	4.1	4.1.5	Torfaðalskaskjan	500-1300	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	80%	Skriður og klettur, melar og sandlendi	Virki megineldstöð og háhitasvæði
	4	4.1	4.1.6	Kerlingarfjöll	700-1400	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	95%	Skriður og klettur, melar og sandlendi	Virki megineldstöð og háhitasvæði
	4	4.1	4.1.7	Hengilsfjall	100-800	Mikil hreyfing	Mikið, talsvert	55%	Moslendi, hraun, votlendi, melar og sandlendi	Virki megineldstöð og háhitasvæði
	4	4.2	4.2.1	Hallmundarhraun	300-1650	Talsverð hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert, fjöll	80%	Hraun, melar og sandlendi, jökull	-
	4	4.2	4.2.10	Fjallendi ofan Laugarvatns	250-950	Mikil hreyfing	Mikið, talsvert	50%	Skriður og klettur, melar- og sandlendi, moslendi	-
	4	4.2	4.2.11	Skjaldbreiður	300- 1100	Miðlungs hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	60%	Hraunlendi	-
	4	4.2	4.2.2	Snæfellsnesgösbeltið	200- 1400	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	65%	Melar og sandlendi, skriður og klettur, hraun	Þrjár virkar megineldstöðvar
	4	4.2	4.2.3	Óðáahraun	300-1400	Miðlungs hreyfing	Mjög mikið, mikið	90%	Hraunlendi	Virki megineldstöð og 2 háhitasvæði
	4	4.2	4.2.4	Heljargjá og Hágönguhraun	500 - 1300	Talsverð hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	90%	Hraunlendi, melar- og sandlendi	Virki megineldstöð og háhitasvæði
	4	4.2	4.2.5	Veidivötn, Langisjór, Eldgjá	200-1000	Mikil hreyfing	Mjög mikið, mikið	65%	Melar og sandlendi, skriður og klettur, moslendi og mólendi	-
	4	4.2	4.2.6	Þórisvatn og Hrauneyjar	250 - 600	Miðlungs hreyfing	Mjög mikið, mikið	65%	Hraunlendi, melar og sandlendi	-
	4	4.2	4.2.7	Hekla og Tindfjöll	300-1500	Mikil hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	75%	Hraun, Melar- og sandlendi	Tvær virkar megineldstöðvar
	4	4.2	4.2.8	Þórsörk og nágrenni	100-1000	Talsverð hreyfing	Mikið, talsvert	70%	Sköglendi, melar og sandlendi	-
	4	4.2	4.2.9	Eyjafjöll og fjallendi sunnan Mýrdalsjökuls	200-1000	Mikil hreyfing	Mikið, talsvert	70%	Skriður og klettur, melar og sandlendi, moslendi	Virki megineldstöð
	4	4.3	4.3.1	Mývatn	200-300	Lítill hreyfing	Talsvert	10%	Hraunlendi, mólendi og vatn	Fristundabyggð, mannvirki
	4	4.3	4.3.2	Grímsnes	< 100	Lítill hreyfing	Talsvert	40%	Skögur, ræktað land og hraunlendi	Fristundabyggð, mannvirki
4	4.3	4.3.3	Þingvallasvæðið	< 100	Lítill hreyfing	Talsvert	5%	Hraunlendi, vatn	Fristundabyggð, mannvirki	
4	4.4	4.4.1	Reykjaneskagi	< 100	Lítill hreyfing	Mikið, talsvert	25%	Hraunlendi	Virki megineldstöð og háhitasvæði	
4	4.4	4.4.2	Vestanvert Snæfellsnes	< 200	Lítill hreyfing	Talsvert, mikið	10%	Hraunlendi	Virki megineldstöð	
4	4.4	4.4.3	Eldhraun í Skaftárhreppi	< 200	Lítill hreyfing	Mikið, talsvert	30%	Hraunlendi	-	
4	4.4	4.4.4	Bláfjöll og Heiðin há	100-600	Miðlungs hreyfing	Talsvert, fjöll	20%	Hraun	Virki megineldstöð og háhitasvæði	
Undirrenni og inndalir	5	5.1	5.1.1	Uppsveitir Árnessýslu	< 200	Lítill hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	15%	Ræktað land, votlendi og sköglendi	-
	5	5.2	5.2.1	Mosfellsheiði	100 - 400	Lítill hreyfing	Talsvert	20%	Moslendi og mólendi	-
	5	5.2	5.2.2	Heiðar ofan Borgarfjarðardala	200-500	Lítill hreyfing	Talsvert	25%	Votlendi, moslendi og mólendi	-
	5	5.2	5.2.3	Ásheiði	100-300	Lítill hreyfing	Talsvert, mikið	25%	Mólendi og sköglendi	-
	5	5.2	5.2.4	Lyngdalsheiði	100 - 400	Lítill hreyfing	Talsvert	10%	Moslendi og mólendi	-
	5	5.3	5.3.1	Uppsveitir og inndalir Borgarfjarðar	< 150	Lítill hreyfing	Talsvert	10%	Ræktað land, graslendi og votlendi	-
	5	5.3	5.3.2	Miðfjarðardalur, Fitjárdalur og Viðidalur	< 300	Lítill hreyfing	Talsvert	5%	Votlendi, mólendi, ræktað land	-
	5	5.3	5.3.3	Vatnsdalur	< 300	Lítill hreyfing	Talsvert	5%	Votlendi, mólendi, ræktað land	-
	5	5.3	5.3.4	Langidalur, Svínadalur og Blöndudalur	50-400	Lítill hreyfing	Talsvert	5%	Votlendi, mólendi, ræktað land	-
	5	5.3	5.3.5	Uppsveitir og inndalir Skagafjarðar	< 300	Lítill hreyfing	Talsvert, mikið	10%	Ræktað land, votlendi, mólendi og moslendi	-
5	5.3	5.3.6	Eyjafjarðarsveit	< 200	Lítill hreyfing	Talsvert	5%	Ræktað land, votlendi og mólendi	-	
5	5.3	5.3.7	Inndalir Skjálfanda	< 200	Lítill hreyfing	Talsvert, mikið	5%	Graslendi, mólendi og hraun	-	
5	5.3	5.3.8	Jökuldalur	100-400	Miðlungs hreyfing	Talsvert	15%	Mólendi og ræktað land	-	
5	5.3	5.3.9	Fjótisdalur	< 150	Miðlungs hreyfing	Talsvert	10%	Ræktað land, sköglendi og votlendi	-	

Fjór- og fjárfjarheiðar	6	6.1	6.1.1	Ísafjarðardjúp, sunnan- og vestanverðir Vestfirðir	0-1000	Mikil hreyfing	Mikið, talsvert og fjöll	65%	Melar og sandlendi, skriður og klettur.	-
	6	6.1	6.1.2	Suðurhluti stranda, Hornstrandir, Jökulfirðir og Snæfjallaströnd	0-800	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	65%	Melar og sandlendi, skriður og klettur. Votlendi, ræktað og skóglendi á láglandi, í dólum	-
	6	6.1	6.1.3	Austfirðir, frá Berufirði að Lødmundafríði	0-1300	Mikil hreyfing	Mikið, talsvert og fjöll	70%	Klettur og skriður, melar og sandlendi. ræktað land, graslendi, skóglendi og votlendi á láglandi, í dólum	-
	6	6.1	6.1.4	Fjallendi ofan Álftafjarðar og Hamarsfjarðar.	0-1100	Mikil hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert, fjöll	65%	Klettur og skriður, melar og sandlendi ræktað land, graslendi, skóglendi og votlendi á láglandi, í dólum	-
	6	6.2	6.2.1	Skagafjörður	< 100	Lítill hreyfing	Talsvert	15%	Ræktað land og votlendi	-
	6	6.2	6.2.2	Eyjafjörður	< 100	Lítill hreyfing	Talsvert	10%	Ræktað land og graslendi	-
	6	6.2	6.2.3	Skjálfrandi	< 200	Lítill hreyfing	Talsvert, mikið	20%	Mólandi, votlendi, ræktað land, hraun	-
	6	6.2	6.2.4	Óxarfjörður og Kelduverfi	< 200	Lítill hreyfing	Mjög mikið, mikið, talsvert	25%	Mólandi, skóglendi, ræktað land og eyrar	-
	6	6.2	6.2.5	Vopnafjörður	< 200	Lítill hreyfing	Talsvert	10%	Votlendi, ræktað land	-
	6	6.3	6.3.1	Hvalfjarðarsveit og Kjós	0-1000	Mikil hreyfing	Talsvert, fjöll	45%	Mjög breytileg, ræktað land, skóglendi og votlendi á láglandi en Skriður, melar og sandar ásamt mólandi hærra (Fjöll)	-
	6	6.3	6.3.2	Skarðsströnd, Gilsfjörður að Reykhólum	0-1000	Mikil hreyfing	Talsvert	40%	Mjög breytileg, ræktað land, skóglendi og votlendi á láglandi en Skriður, melar og sandar ásamt mólandi hærra (Fjöll)	-
	6	6.4	6.4.1	Hvammfjörður	0-300	Miðlungs hreyfing	Talsvert	20%	Votlendi, ræktað land og skóglendi	-
	6	6.4	6.4.2	Vesturströnd Húnaflóa, frá Bitrufirði að Bjarnarfirði	0-400	Talsvert hreyfing	Talsvert	25%	Votlendi, Moslendi og mólandi, graslendi, ræktað land	-
	6	6.4	6.4.3	Langadalssrónd og Ísafjörður að Mjóafirði	0-400	Talsvert hreyfing	Talsvert	40%	Mólandi, skóglendi, votlendi, ræktað land	-
	6	6.4	6.4.4	Hrútafjörður og Miðfjörður	0-400	Lítill hreyfing	Mjög mikið, talsvert	5%	Votlendi, graslendi, moslendi og mólandi, ræktað land	-
	6	6.5	6.5.1	Gláma og aðrar aðliggjandi heiðar	> 400	Miðlungs hreyfing	Talsvert, fjöll	90%	Melar og sandlendi, vötn	-
6	6.5	6.5.2	Ófígisfjarðarheiði og aðrar aðliggjandi heiðar	> 400	Miðlungs hreyfing	Talsvert, fjöll	65%	Melar og sandlendi, vötn	-	
6	6.5	6.5.3	Óxi og Hraun	400-1200	Miðlungs hreyfing	Talsvert, fjöll	60%	Moslendi, Mólandi, Melar og sandlendi, votlendi	-	
Strandsvæði	7	7.1	7.1.1	Borgarfjörður og Mýrar	< 100	Lítill hreyfing	Talsvert	5%	Votlendi og vötn, ræktað land	-
	7	7.1	7.1.2	Sunnanvert Snæfellsnes	< 150	Lítill hreyfing	Talsvert	10%	Mólandi, votlendi, hraunlendi	-
	7	7.1	7.1.3	Húnaafjörður	< 150	Lítill hreyfing	Mjög mikið, talsvert	10%	Mólandi, votlendi, fjórir	-
	7	7.1	7.1.4	Jökulsárhlið, Hróarstunga, Hjaltastaðabíngi	< 150	Lítill hreyfing	Talsvert	5%	Ræktað land, mólandi og votlendi	-
	7	7.1	7.1.5	Hornafjörður	< 100	Lítill hreyfing	Talsvert	35%	Mólandi, ferskvatn, tún og akurlendi	-
	7	7.1	7.1.6	Undirlendi Eyjafjalla og Mýrdals	0-350	Lítill hreyfing	Talsvert	25%	Tún og akurlendi, graslendi	-
	7	7.1	7.1.7	Suðurlandsundirlendi	< 100	Lítill hreyfing	Talsvert	20%	Votlendi, graslendi, ræktað land	-
	7	7.2	7.2.1	Miðnesheiði	< 50	Lítill hreyfing	Talsvert	15%	Byggð svæði, mólandi, moslendi, melar og sandar, ræktað land	-
	7	7.2	7.2.2	Skagi	0-200	Lítill hreyfing	Talsvert	5%	Votlendi, vötn, mólandi, ræktað land	-
	7	7.2	7.2.3	Melrakkaslétta	0-200	Lítill hreyfing	Mikið, talsvert og fjöll	10%	Mólandi, hraunlendi, melar og sandlendi	-
	7	7.2	7.2.4	Langanes og Langanesströnd	0-350	Miðlungs hreyfing	Talsvert	25%	Mólandi og votlendi	-
	7	7.3	7.3.1	Norðanvert Snæfellsnes	0-200	Miðlungs hreyfing	Talsvert	25%	Fjórir, skriður og klettur, mólandi, ræktað land	-
	7	7.3	7.3.2	Lón, Álftafjörður og Hamarsfjörður að Djúpavogi	0-150	Lítill hreyfing	Talsvert	25%	Fjórir, eyrar, votlendi, ræktað land og skóglendi	-
	7	7.4	7.4.1	Höfuðborgarsvæðið	0-150	Lítill hreyfing	Talsvert	10%	Byggð svæði, ræktað land og skóglendi	-
	7	7.5	7.5.1	Héraðssandur	< 50	Lítill hreyfing	Mjög mikið	50%	Eyrar, strandlendi, mólandi	-
	7	7.5	7.5.2	Breiðamerkursandur	< 50	Lítill hreyfing	Mjög mikið	70%	Eyrar og fjórir	-
	7	7.5	7.5.3	Skeiðararsandur	< 150	Lítill hreyfing	Mjög mikið	90%	Eyrar	-
	7	7.5	7.5.4	Meðallandssandur og sandar sunnan Kirkjubæjarklausturs	< 50	Lítill hreyfing	Mjög mikið	95%	Strandlendi	-
	7	7.5	7.5.5	Mýrdalssandur	< 150	Lítill hreyfing	Mjög mikið	85%	Eyrar	-
	7	7.5	7.5.6	Sandar á Suðurlandi, frá Stokkseyri að Dyrhólaey	< 50	Lítill hreyfing	Mjög mikið	80%	Strandlendi, eyrar	-
	7	7.6	7.6.1	Breiðafjörður	< 100	Lítill hreyfing	-	-	Fjórir, strandlendi, votlendi	-
	7	7.6	7.6.2	Hrísey	< 100	Lítill hreyfing	-	-	Lúpína, mólandi, votlendi, ræktað land	-
7	7.6	7.6.3	Grímsey	< 100	Lítill hreyfing	-	-	Graslendi, mólandi, byggð svæði, ræktað land	-	
7	7.6	7.6.4	Vestmannaeyjar	0-250	Talsvert hreyfing	-	-	Hraunlendi, byggð svæði, graslendi	Virk eldstöð	



## VIÐAUKI 3

Yfirlit yfir landupplýsingagögn

**TAFLA 2** Yfirlit yfir gögn um landupplýsingar, uppruni gagna og upplausn/mælikvarði.

Tegund	Grunngögn	Uppruni	Upplausn/mælikvarði
Landnóktun/ Vistgerðir/Vistlendi	NI_VG25v, NI_VG25r	Náttúrufræðistofnun Íslands	1:25.000
Svæði sem njóta sérstakrar verndar í samræmi við 61. gr. Náttúruverndarlaga	NI_N50v_serstokVernd_1.utg	Náttúrufræðistofnun Íslands	1:25.000 - 1:500.000
Frístundabyggð	clc2018_is (CORINE landgerðaflokkun)	Landmælingar Íslands	1:100.000
Mannvirki/Péttbýli	IS 50V_Mannvirki_24122018	Landmælingar Íslands	1:50.000
Vegir og slóðir	IS 50V_Samgongur_24122018	Landmælingar Íslands	1:50.000
Vatnafar	IS 50V_Vatnafar_24122018	Landmælingar Íslands	1:50.000
Landhæðir	LMI_Haedarlikan_DEM	Landmælingar Íslands	10*10m
Landhalli	LMI_Haedarlikan_DEM	Landmælingar Íslands	10*10m
Ræktað skóglendi	Raektad_skoglendi_okt2019	Skógrækt ríkisins	1:2.000
Náttúrulegt birkilendi á Íslandi	Natturulegt_birki_Island_okt2019	Skógrækt ríkisins	1:15.000
Landgræðslusvæði	Landgraedslusvaedi_virk_okt2019	Landgræðslan	Ótilgreint
Jarðvegsrof, kvarði og flokkar	ISL_Jardvegsrof	Landgræðslan	1:100.000
Jarðvegur	Jardvegskort	Landbúnaðarháskóli Íslands	1:500.000
<b>Svæði á náttúruminjasrá</b>			
<i>A hluti: Friðlýst svæði</i>	Fridlyst_svaedi	Umhverfisstofnun	Ótilgreint
<i>B hluti: Náttúruverndaráætlun</i>	ust_tillaga_natturuverndaraetlun_2004_2008 & ust_tillaga_natturuverndaraetlun_2009_2013	Umhverfisstofnun	Ótilgreint
<i>C hluti: Aðrar mikilvægar náttúruminjar</i>	NVA2003	Umhverfisstofnun	Ótilgreint